

Nýir glæpir
hjá Jónínu



Dregið í dag í
riðla fyrir EM



FRÍ HEIMSENDING
26. - 30. MAÍ
ef verslað er fyrir meira en 5.000 kr.
nettó

Menning > 25

Íþróttir > 16

FRÉTTABLAÐIÐ

212. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 28. OKTÓBER 2021



Stærðarinnar hval af ætt skíðishvala rak á land við golfvöllinn í Þorlákshöfn í gær. Talið er að hræið sé fjórtán metrar að lengd, en skíðishvalir eru meðal stærstu dýra jarðar. Hræið verður líklega dregið á flot og því sökkt, að sögn Elliða Vignissonar bæjarstjóra, sem hvetur fólk til að gera sér ferð til að skoða þessa tignarlegu skepnu, enda svona hvalreki ekki daglegt brauð. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Lögmenn undir álagi vegna átaks í Landsrétti

Mikill uppsafnaður fjöldi mála bíður meðferðar í Landsrétti. Tafir á málsmeðferð geta þýtt mildari refsingu í sakamálum. Átak stendur yfir til að vinna á málahalanum.

mhj@frettabladid.is

DÓMSTÓLAR Gríðarlegt álag er á lögmönnum sem eru með mál í áfrýjun í Landsrétti vegna átaks í að vinna upp málahala sem safnast hefur upp í réttinum.

„Mér sýnist vera þokkalegur gangur í Landsrétti hvað þetta varðar en því fylgir auðvitað aukio álag fyrir okkur lögmennina. Við

höfum séð það að undanfögnu að boðunarfrestur aðalmeðferða er orðinn mjög skammur. Það veldur vandkvæðum hjá okkur því við ráðum ekki tímasetningum á dagsetningum aðalmeðferða heldur verðum við að skipuleggja okkur í kringum þær,“ segir Sigurður Örn Hilmarsson, formaður Lögmannafélagsins.

Lögmenn sem Fréttablaðið hefur rætt við segja að þeir fái um þriggja vikna fyrirvara fyrir aðalmeðferð og þá eru dæmi um að lögmenn flytji fimm mál eða fleiri í einum mánuði. Áður fyrr þegar áfrýjað var til Hæstaréttar var fyrirvarinn oftast um tveir mánuðir.



Það var verið að milda refsingar vegna þess tíma sem málið hafði tekið.



Sigurður Örn Hilmarsson, formaður Lögmannafélagsins

Áfrýjuð mál tóku að safnast upp í Landsrétti stuttu eftir stofnun réttarins, þegar dómara vantaði í réttinn eftir að þrjár af fimmtán dómurum fóru í leyfi vegna Landsréttarmálsins. Einnig hafa aðgerðir vegna heimsfaraldursins tafið málsmeðferð.

Þá bendir Sigurður einnig á að það taki alltof langan tíma að gera dómsgerðir í héraðsdómi í sakamálum en eftir að sakamáli er áfrýjað þarf að taka öll málsgögnin saman í svokallaða dómsgerð sem svo er unnið ágríp úr. „Þetta hefur tekið alltof langan tíma í gegnum tíðina. Tekið alveg frá sex upp í níu mánuði,“ segir Sigurður.

Hervör Lilja Þorvaldsdóttir, forseti Landsréttar, tekur undir með Sigurði um álagið en segir dóminn halda í við þau mál sem koma inn.

Þessi mikli málahali getur einnig þýtt að lokadómur í sakamálum sé kveðinn upp fjórum til fimm árum eftir útgáfu ákæru.

„Þetta er vont fyrir sakborning og brotþola líka. Það er öllum þungbært að lifa í svona óvissu. Þetta var orðið þannig í Landsrétti að það var verið að milda refsingar vegna þess tíma sem málið hafði tekið og býsna oft.“ ■

Nánar á frettabladid.is

UÚU... DRAUGABER!

Gleðilega Hrekkjaviku!

KRONAN

Þórólfur útilokar ekki sóttvarnajól

ingunnlara@frettabladid.is

COVID-19 Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir engin önnur ráð en að leggja til harðari aðgerðir fyrir jól verði ekkert gert til að hefta útbreiðslu Covid-19 á næstu vikum.

„Ég ætla ekki að spá slæmum vetri en það fer allt eftir því hvernig við ætlum að bregðast við á næstu vikum. Ég vona að við lendum ekki í vandræðum á jölnum,“ segir hann.

Þórólfur veltir upp spurningum um hvort samfélagið sé reiðubúið að sætta sig við að Landspítalinn yfirfyllist.

„Ef við sættum okkur bara við stöðuna þurfum við að horfast í augu við afleiðingarnar.“ ■



Ef við sættum okkur bara við stöðuna þurfum við að horfast í augu við afleiðingarnar.



Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir

Enn barist fyrir lífi Assange



Kristinn Hrafnsson, ritstjóri Wikileaks og Stella Morris, unnan Julian Assange, voru umkringd fjölmiðlum fyrir utan áfrýjunardóm í London í gær þar sem áfrýjunarbeiðni Bandaríkjaþjórnar í framsalsmáli Assange var tekin fyrir. Framsalskröfunni var hafnað af undirrétti í janúar. Nú er tekist á um hvort andleg heilsa Assange þoli framsal. Í dag munu lögmenn Assange færa fyrir því rök að lífi Assange sé ógnað verði fallist á framsal.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Fimmtíu Íslendingar verða í Glasgow

elinhirst@frettabladid.is

LOFTSLAGSMÁL Um 50 manna sendinefnd frá Íslandi sækir loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna COP-26 sem hefst í Glasgow á sunnudaginn.

Fyrir hönd ríkisstjórnarinnar fara 19-20 manns, þar af að minnsta kosti tveir ráðherrar. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra. Ekki hefur fengist staðfest hvort Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, fari einnig.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri verður á COP-26, Halldór Þorgeirsson, formaður Loftslagsráðs, Árni Finnsson, frá Náttúruverndarsamtökum Íslands, og Tinna Hallgrímsdóttir, formaður Ungra umhverfissinna, svo dæmi séu tekin. Þá verða í hópnum fulltrúar lifeyrissjóða,



Tinna Hallgrímsdóttir, formaður Ungra umhverfissinna

Carbfix, Grænvangs og fleiri fyrir tækja og hagaðila.

„Ísland á mikið undir því að Glasgow-þingið standi undir væntingum,“ segir Halldór Þorgeirsson, formaður Loftslagsráðs, um fjölda þeirra sem verða í íslensku sendinefndinni.

„Við þurfum að leggja okkar af mörkum á staðnum bæði á formlegum vettvangi fulltrúa ríkja og í óformlegu samráði hagaðila og fagfólks um eðli vandans og leiðir til að bregðast við,“ segir Halldór. ■

Viðhorf innflytjenda ólík um nauðsyn íslenskunáms

Breyting er að verða á viðhorfum til íslenskukennslu fyrir innflytjendur. Sjálfir hafa þeir ólíkar skoðanir á mikilvægi þess að læra tungumálið.

bth@frettabladid.is

SAMFÉLAG Skiptar skoðanir eru um mikilvægi þess að fólk af erlendum uppruna, sem kemur til Íslands til að starfa, þurfi að læra íslensku til að hag þess og samfélagsins verði betur borgið. Sabine Leskopf frá Mannréttindaskrifstofu Íslands telur að íslenskan sé lykll til lífs-gæðum en ekki eru allir innflytjendur á sama máli.

„Þau 20 ár sem ég hef búið hérna hefur orðið þróun. Áður var lögð áhersla á að við lærðum íslensku þótt það væri erfitt. Við komumst inn í samfélagið vegna íslenskunnar. En í dag er þetta ekki lengur þannig,“ segir Sabine.

Hún segir að fjöldi fólks komi núorðið til starfa á landinu og læri enga íslensku. „Kannski hentar það íslensku samfélagi ágætlega í skamman tíma. Við erum oft að vinna störf á lágum launum, störf sem Íslendingar vilja kannski ekki sjálfir vinna. En til lengri tíma skapast sú hætta að samfélagið kloffni.“

Sabine ræddi þetta mál á ráðstefnu um réttlæti sem fram fór á Hólum í Hjaltadal. Hún kallar jafnarsamfélag innflytjenda sem ekki tali íslensku „hlífðarsamfélag“. Meðlimir þess taki ekki mikið pláss. Stundum sé Ísland svo „heppið“ að meðlimir hlífðarsamfélagsins snúi aftur heim, til dæmis ef kreppa skapist í atvinnulífinu. „En stundum fer fólkíð ekki aftur til baka og festir sig. Hvað þá ef það kann ekki tungumálið? Það lærir kannski frekar ensku til að



Frá íslenskunámskeiði fyrir innflytjendur á Akureyri. Skiptar skoðanir eru meðal innflytjenda um mikilvægi þess að læra góða íslensku. MYND/ÁÐSEND



Það væri líka voða gott ef Íslendingar væru þolinmóðir á meðan við tölum, leyfi okkur að klára setningarnar.

Sabine Leskopf, hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands

ná í aðeins betri störf um tíma en þá skapast sú hætta að það verði ekki nógu sterkur hvati til að læra íslenskuna,“ segir Sabine.

Skilaboðin til stjórnvalda séu að skilja engan út undan og reyna að koma í veg fyrir að samfélagið kloffni. Íslendingar þurfi sjálfir að sjá ávinninginn í því að starfsfólk hér á landi læri íslensku og geti þar með nýtt frábæra sérþekkingu og menntun sem innflytjendur búi gjarnan yfir til að gegna störfum við hæfi, Íslandi til heilla.

„En það væri líka voða gott ef Íslendingar væru þolinmóðir á meðan við tölum, leyfi okkur að klára setningarnar.“

Gundega Jaunlinina, formaður ungliðahreyfingar ASÍ og starfsmaður á Hlíf, segir marga kosti fylgja enskuáherslunni. Hún sagði á ráðstefnunni á Hólum að hún væri ekki að öllu leyti sammála Sabine en málið væri flókið. ■

KÓÐI Í VEFVERSLUN "HREKKUR"

HREKKJAVÖKUTILBOÐ

Á MORGUN

30%

AF ÖLLUM VÖRUM

Lin
DESIGN
LINDESIGN.IS

Lífið er rafmagnað

RENAULT FYRIR ÞINN LÍFSSTÍL



ENNEEM / SIA / NM007510

CLIO, ZOE, CAPTUR, ARKANA OG MEGANE: Fimm frábærir og tæknilega fullkomnir bílar, PHEV, Hybrid eða 100% rafknúnir. Veldu þann sem passar þínum lífsstíl. Renault - við elskum lífið.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

www.renault.is

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533


Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Basaltið umhverfis álveri ISAL er einkar hentugt fyrir umbreytinguna.

Carbfix fangar kolefni frá álveri

benediktboas@frettabladid.is

LOFTSLAG Rio Tinto og Carbfix hafa tekið saman höndum um að fanga kolefni frá álveri ISAL við Straumsvík og binda það varanlega sem steindir í bergi í grennd við álverið.

Samstarfið felur í sér að á lóð Rio Tinto við álverið í Straumsvík verður komið upp fyrstu móttöku- og förgunarstöð í heimi fyrir kolefni í svokallaðri Coda Terminal. Koltvísýringur verður fluttur í fljóttandi formi sjóleiðina frá iðjuverum í Norður-Evrópu og breytt í stein með Carbfix-aðferðinni við Straumsvík.

Carbfix hyggst bora fyrstu niðurdælingarholuna fyrir Coda-móttökustöðina á næsta ári og áætlað að fyrstu skipsfarmarnir af CO2 berist stöðinni 2025. ■

Skóða þurfi ólík áhrif Covid á kyn

benediktboas@frettabladid.is

COVID 19 Rannsaka þarf betur áhrif Covid-19-sýkinga á hjarta- og æðakerfið því ýmislegt bendir til að finna megi þar kyntengdan mun á áhrifum sjúkdómsins. Þetta segir Georgios Kararigas, prófessor í líf-eðlisfræði við læknadeild Háskóla Íslands, í ritstjórnargrein í tímaritinu Physiological Reviews. Í greininni dregur Kararigas saman ýmsar rannsóknir á þeim áhrifum sem vitað er að kórónaveiran hefur á líkamann, með sérstaka áherslu á hjarta- og æðakerfi.

Kararigas bendir á að kyn virðist vera meðal þátta sem hafa áhrif á einkenni og dánarlíkur. Karlar virðist í meiri hættu á að fá alvarleg einkenni eða látast af völdum Covid-19 en konur. Hins vegar gætu kyntengd hlutverk gert konur viðkvæmari fyrir sjúkdómnum.

Þá bendi ýmislegt til að ófrískum konum sé hættara við alvarlegum veikindum af völdum Covid-19. ■

Lagaheimild skortir til úttekta á óleyfisíbúðum

benediktboas@frettabladid.is

HÚSNÆÐISMÁL Kortleggja á fjölda þeirra sem búa í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu á næstu þremur mánuðum með nýju samstarfsverkefni ASÍ, Slökkviliðsins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Lög leyfa ekki að eftirlitsaðilar fari inn í íbúðarhúsnæði og verður því byrjað á iðnaðarhúsnæðinu. Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðs-stjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir þetta bagalegt. „Lögin eru svolítið



Átakið var kynnt á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

að hindra eðlilega framvindu. Við sjáum það hér og úti í heimi að hverfi þar sem var atvinnuhúsnæði eru núna vinsælustu hverfin, eins og hafnirnar í New York,” segir hann.

Ákveðið var að hefja vinnuna á höfuðborgarsvæðinu og þróa aðferðafræði sem nýtast mun um land allt. Í tilkynningu frá ASÍ í febrúar kom fram að fimm til sjö þúsund manns byggju í óleyfisíbúðum um landið. „Verkefnið snýst um að komast að því hve vandinn er stór og kortleggja hvort okkar tölur

séu raunverulegar,” segir Aleksandra Leonardsdóttir hjá ASÍ.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að því húsnæði sem fólki stafar hættu af verði lokað. Það sé ekki markmið verkefnisins að fara inn í húsnæði sem er öruggt og vísa fólki út heldur tryggja að það húsnæði sem er notað til búsetu sé öruggt. Hann segir borgina hafi verið að ýta á eftir auknum heimildum fyrir eldvarnareftirlitið, sem eigi í raun allt sitt undir því að húseigendur séu samvinnuþýðir. ■

Lögreglan geri ekki upp á milli fólks

Lögreglan segist fordómalaus stétt sem fari ekki meðvitað í manngreinarálit. Stígamót segja sannað að þjóðfélagsstaða skipti máli við saka-málarannsóknir.

bth@frettabladid.is

RÉTTARKERFIÐ Formaður Landsambands lögreglumanna hafnar því að lögreglumenn láti meðvitað þjóðfélagsstöðu þolenda og gerenda í kynferðisbrotamálum hafa áhrif á skýrslutökur eða rannsóknir. Tungumálaerfiðleikar og mannekla innan lögreglu kunni þó að hafa áhrif á þjónustu lögreglu.

Fréttablaðið greindi í gær frá því að Þorbjörg Inga Jónsdóttir lögmaður, sem hefur í tuttugu ár sinnt réttargæslu fyrir þolendur kynferðisofbeldis, telur að lögregla og dómstólar fari í manngreinarálit eftir einstaklingum og stéttum. Hvítir karlar í finum jakkafötum fái sem dæmi betri framgang en útlendingar.

„Sem formaður stéttarfélagssins hafna ég því að lögreglan geri upp á milli fólks, það er ekki þannig,” segir Fjöltnir Sæmundsson, formaður Landssambands lögreglumanna. „Ég álit lögreglustéttina mjög fordómalaus stétt. Það er mín upplifun.“

Þorbjörg Inga sagði að stam eða truflun gæti haft áhrif á framgang innan réttarkerfisins. Fjöltnir segir að lögregla sé sífellt að vinna að bættu vinnulagi, til að mynda við yfirheyrslur og rannsóknir. Síðast í gær hafi verið námskeið um hvernig lögregla eigi að nálgast fatlað fólk í yfirheyrslum.

„Þetta eru svona afbrotafræðikenningar sem hún er að vitna til, þetta eru svona marxískar kenningar,” segir Fjöltnir um þá reynslu Þorbjargar lögmanns að þjóðfélags-



Formaður Landssambands lögreglumanna telur fordóma meðal lögreglulíðsins ekki meðvitaða. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Ég hef sagt að það þyrfti kannski að fara að kenna pólsku í lögregluskólanum.



Fjöltnir Sæmundsson, formaður Landssambands lögreglumanna

staða skipti máli við framgang réttlætis.

„Ég get ekki fullyrt um hennar upplifun eða hvað er ómeðvitað en ég get fullyrt að meðvitað er ekki gert upp á milli fólks.“

Hann bætir við: „Oft geta tungumálaerfiðleikar virkað þannig að maður getur ekki veitt eins góða þjónustu og maður vildi kannski, allavega ekki úti á vettvangi. Ég hef sagt að það þyrfti kannski að fara að kenna pólsku í lögregluskólanum, það eru orðin svo mörg tungumál á Íslandi sem maður vildi gjarnan kunna.“

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra sagði á Bylgjunni í gær að áskanir Þorbjargar Ingu lögmanns væru mjög alvarlegar. Hún kallar eftir skýringum frá lögreglunni og að skoða þurfi málið. Stígamót segja skýrt að þjóð-

félagsstaða og uppruni skipti máli við sakamálarannsóknir og þá ekki síst kynferðisbrot. „Þetta hefur verið staðfest með rannsóknnum hér á landi þannig að næsta skref er að gripa til aðgerða í stað þess að halda áfram að skoða málin,” segir Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir hjá Stígamótum.

Steinunn segir ekki síst að niðurfellingar mála vekji alvarlegar spurningar. Alls séu átta mál hjá Mannréttindadómstóli Evrópu vegna ákvarðana íslenskra stjórnvalda þar sem mál hafi verið felld niður í kjölfar kynbundins ofbeldis. Jafnvel hafi það verið gert þar sem játning geranda liggja fyrir eða myndbandsupptökur séu meðal sönnunargagna.

„Ég held að dómsmálaráðherra sé mjög vel meðvitað um brotalamir í kerfinu,” segir Steinunn. ■



ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM

TRYGGÐU ÞÉR RAM Í FORSÖLU TIL AFHENDINGAR EFTIR ÁRAMÓT

ÖRFÁ EINTÖK EFTIR TIL AFHENDINGAR Í NÓVEMBER



V E S T

KYNNINGARVERÐ

Falcon Pheonix

*50 ára hönnunartákn
eftir hinn víðfræga
Sigurd Resell*

Nýjar og fallegar
vörur frá Hjelle
nú í Vest.

 Hjelle

Jarðhitageirinn ekki á réttri braut

elinhirst@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL „Jarðhitageirinn er ekki á réttri braut við að takmarka hækkun heimshita um 1,5 gráður.“ Svo segir í harðorðri lokayfirlýsingu sem samþykkt var á heimsráðstefnu Alþjóðajarðhitasambandsins sem lauk í Hörpu í gær.

Í yfirlýsingunni eru eindregin tilmæli til alþjóðlega orkugeirans um að efla hlut sinn í orkuskiptum. Þrátt fyrir mjög mikla vaxtar-

möguleika í tengslum við sjálfbæran jarðvarma sé ekki verið að nýta hann sem skyldi, en það sé „úrslitaatriðið fyrir sjálfbæran vöxt jarðvarmaverkefna um allan heim.“ Ítrekað er að vinnslan sé sjálfbær og veiti viðvarandi ávinning fyrir samfélag, og loftslag.

Þá eru tilmæli til ráðamanna um að kynna jarðvarmanýtingu á stefnufastari hátt en áður hafi verið gert og hvernig nýting hans geti dregið úr loftslagsbreytingum. ■



www.sleepy.is • Ármúli 17 • Sími: 6207200

Mikið úrval af **HVÍLDARSTÓLUM** með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Sjónmælingar eru okkar fag



Tímappantanir á opticalstudio.is og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK



Bílaframleiðendur hafa ekki getað sinnt eftirspurn eftir nýjum bílum, sem veldur lengri biðtíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Afhending dregist í Covid

Covid hefur haft þau áhrif að afhendingartími hinna ýmsu vara hefur lengst. Forstjóri Brimborgar segir skort á íhlutum einnig hafa áhrif á verðlag. Framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu segir ekki stefna í vöruskort á Íslandi.

birnadrofn@frettabladid.is

VIÐSKIPTI „Það er skortur að því leiti að ef ég tæki allt árið 2021 þá hefðum við, og mig grunar að það sé sama sagan hjá keppinautum okkar, verið búin að fá fleiri bíla til landsins en við fengum í raun þannig að bíla- markaðurinn er minni fyrir vikið,“ segir Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar, um áhrif Covid á framleiðslu og afhendingartíma hinna ýmsu vara.

Egill segir framleiðendur sem hann eigi í viðskiptum við ekki geta sinnt þeirri eftirspurn sem sé eftir nýjum bílum, það skili sér í lengri biðtíma fyrir viðskiptavini hans.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir ekki stefna í vöruskort hér á landi en að faraldurinn hafi haft áhrif á framleiðsluferfi heimsins. Afhendingartími ýmissa vara hafi dregist. „Það er einfaldlega vegna þess að ýmsir íhlutir, til dæmis í bíla og húsgögn, eru framleiddir á fáum stöðum í heiminum og það



Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu



Hörður Þór Harðarson, eigandi Herra-fataverslunar Guðsteins

þarf ekki meira til en að einni verksmiðju sé lokað vegna Covid til að afhendingartíminn lengist.“

Hann segir framleiðslu- og dreifingarkerfi heimsins enn ekki komin í samt lag eftir faraldurinn og að það sýni sig meðal annars í lengri afhendingartíma. „En það er ekkert

sem bendir til vöruskorts á nauðsynjavörum,“ segir Andrés en bendir fólki á að gott geti verið að hefja jóla-innkaupin snemma í ár.

Hörður Þór Harðarson, eigandi Herra-fataverslunar Guðsteins, segir nánast allar vörur sem hann pantar fyrir verslunina vera fjórum til sex vikum á eftir áætlun og tekur undir orð Andrésar um að reynst gæti fólki vel að vera snemma á ferðinni í jóla-innkaupunum og skipuleggja sig vel.

„Ef fólk vill ná í bestu vörurnar þurfa menn að byrja fyrir,“ segir Hörður. „Það sem við heyrum frá okkar birgjum er að seinni afhending sé vegna efnisskorts, þeir séu ekki að fá efnið til að framleiða vöruna svo þetta er alls ekki gott,“ bætir hann við.

„Vörur sem við erum vön að panta af lager í Bretlandi eru allt í einu ekki til og við þurfum að panta þrjá til fjóra mánuði fram í tímann. Þetta er eins og hjól sem allt í einu snýst ekki í réttan hring og hefur áhrif alls staðar,“ segir Hörður. „Við ætluðum til dæmis að panta pappírspoka fyrir jólin en þeir mega bara selja okkur vissst magn,“ segir hann.

Egill segir skort á íhlutum ekki einungis hafa áhrif á afhendingartíma og framboð heldur hafi það einnig áhrif á verð. „Það er meiri eftirspurn eftir bílum en framleiðslugeta heimsins er og þá fáum við hækkun á verði frá okkar birgjum sem fer þá út í vöruverð til viðskiptavina.“ ■

Karlar geti upplifað tvöfalda skömm verði þeir fyrir kynferðisofbeldi

birnadrofn@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Mikill meirihluti þeirra sem leitað hafa á Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis á Landspítala undanfarið ár eru konur. Af þeim 130 sem þangað leituðu á síðasta ári voru 120 konur. Árið 2019 var heildarfjöldi innkoma 147, þar af voru 129 konur.

Hrönn Stefánsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri á neyðarmóttökunni, segir að almennt á heimsvísu leiti karlar sér síður aðstoðar fljótlega eftir kynferðisbrot og þurfi að gera átak í því að ná til þeirra. „Því rannsóknir sýna að karlmenn verða fyrir kynferðisofbeldi, einn af hverjum sex karlmonnum verði fyrir kynferðisofbeldi á ævi sinni,“ segir hún.

„Þeir leita síður til okkar og þetta er hluti af miklu stærra vandamáli



Þeir leita síður til okkar og þetta er hluti af miklu stærra vandamáli.

Hrönn Stefánsdóttir, verkefnastjóri á Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis

í samfélagi fólks, að það fylgi því skömm og þöggun að vera karlmaður og verða fyrir kynferðisofbeldi,“ segir Hrönn.

Þorsteinn V. Einarsson kynfræðingur, sem fer fyrir verkefninu Jákvað karlmennska, segir karla

sem verði fyrir kynferðisofbeldi geta upplifað tvöfalda skömm. „Það er ekki bara það að þeir verði fyrir ofbeldi heldur verða þeir líka af völdunum sem karlmennskan færir þeim.“

Þorsteinn segir rannsóknir benda til þess að almennt leiti karlar sér seint eða jafnvel aldrei aðstoðar við nánast hverju sem er. „Þetta á ekki bara við um kynferðisofbeldi heldur hina ýmsu hluti svo sem veikindi eða eymsli,“ segir hann.

Þá segir Þorsteinn ráðandi karlmennskuhugmyndir rötina að hinum ýmsa samfélagsvanda. „Bæði geta þær verið rötin að byrlunum, ofbeldi og yfirlæti en líka vandamálum sem karlar eru að glíma við og því að þeir leiti sér ekki hjálpar, þetta eru í rauninni skaðlegar karlmennskuhugmyndir,“ segir Þorsteinn. ■



SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS

Opið námskeið um stofnun fyrirtækja

Hefjum rekstur



skoða nánar

Samtök atvinnulífsins bjóða upp á opið námskeið um stofnun fyrirtækja sem gagnast öllum sem hafa hug á að hefja rekstur. Á námskeiðinu fara nokkrir af helstu sérfræðingum landsins yfir tíu lykilþætti er varða rekstur og stofnun fyrirtækja. Fyrirspurnum verður einnig svarað.

Námskeiðið er í þremur hlutum og fer fram með rafrænum hætti.
Skráning fer fram á www.sa.is

HLUTI I



Miðvikudagur 3. nóvember

13:00 – 16:00 námskeið í streymi

Gerð viðskipta- og rekstraráætlunar

Ásta Brá Hafsteinsdóttir, fyrirtækjaráðgjafi hjá KPMG

Val á hentugu félagiformi og stofnun fyrirtækis

Pétur Steinn Guðmundsson, lögmaður og liðsstjóri hjá Deloitte Legal

Tilkynning á starfsemi til skattfirvalda

Sara Rákel S. Hinriksdóttir, lögfræðingur á virðisaukaskattsviði hjá Skattinum

Umsókn um starfsleyfi eftir þörfum

Þóra Dögg Jörundsdóttir, deildarstjóri hjá Heilbrigðiseftirlitinu

HLUTI II



Miðvikudagur 10. nóvember

13:00 – 16:00 námskeið í streymi

Fjármögnun (eigið fé, bankalán, fjárfestingar, styrkir)

Sigurður Óli Sigurðsson, sviðsstjóri fyrirtækjaráðgjafar hjá PWC

Val á viðskiptabanka

Arnar Ingi Jónsson, sérfræðingur hjá SFF

Val á þjónustuaðila á sviði tæknimála

Valgeir Ólafsson, framkvæmdastjóri Tölvuaðstoð

HLUTI III



Miðvikudagur 17. nóvember

13:00 – 16:00 námskeið í streymi

Bókhald og val á þjónustuaðila á sviði bókhaldsmála

Guðjón Norðfjörð, sviðsstjóri rekstrarráðgjafar hjá Ernst & Young

Gerð markaðsáætlunar

Þórunn K. Jónsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri hjá SVP

Ráðning starfsmanna

Íris Mist Arnardóttir, lögfræðingur hjá SA

Ísland neðarlega í samkeppnishæfni skattkerfa

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra gagnrýnir að í nýrri samantekt um samkeppnishæfni skattkerfa sé ekki tekið tillit til jöfnunarhlutverks skattkerfisins. Ísland féll um tvö sæti milli ára. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir mikilvægt að skattkerfið sé samkeppnishæft.

magdalena@frettabladid.is

Ísland skipar 32. sæti af 36 á lista yfir vísitölu samkeppnishæfni skattkerfa og fellur um tvö sæti milli ára. Það er hugveitan Tax Foundation sem birti listann í síðustu viku. Sætið ákvarðast af vísitölu sem tekur tillit til fimm undirflokka til að mæla hvort skattkerfið yti undir efnahagslegar framfarir frekar en að draga úr þeim.

Konráð S. Guðjónsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, segir það vera slæmt að við séum svo neðarlega á þessum lista. „Staðan í þessum efnunum er ekki nógu góð. Samkeppnishæfni skattkerfisins skiptir augljóslega máli ef við viljum til dæmis byggja upp öflugt velferðarkerfi með sterkum stöðum eða skapa störf í framtíðinni sem krefjast mikillar þekkingar. Þess vegna er staðan áhyggjuefni. Þó svo það sé alltaf deiluefni hvert umfang skattheimtunnar eigi að vera þá er fullt af tækifærum til úrbóta ef maður horfir bara á skilvirknina.“

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir það skipta máli að hér á landi sé hvetjandi og samkeppnishæft skattkerfi.

„Allt frá árinu 2013 höfum við lagt kapp á að draga úr skattbyrði einstaklinga og fyrirtækja, eftir miklar skattahækkningar stjórnarinnar sem sat ári á undan. Síðustu ár höfum við meðal annars lækkað tekjuskatt einstaklinga, lækkað tryggingagjald, hækkað skattleysismörk á fjármagns- og erfðafjárskatt verulega og hækkað skerðingar- og bótumörk bóta umtalsvert,“ segir Bjarni og bætir við að í samantekt Tax Foundation sé bent á nokkur atriði sem betur mættu fara og vinna við að laga þau atriði sé hafin.

„Í samantektinni er bent á nokkur atriði í íslensku skattaumhverfi þar sem mætti gera betur, eins og til dæmis að fjölga tvísköttunarsamningum og er sú vinna nú þegar hafin. Að sama skapi eru taldir upp kostir á borð við lágt skatthlutfall á fyrirtæki og einfalt skattkerfi.“

Bjarni bætir við að samantektin endurspeglar seint samkeppnis-



Ísland er í 32. sæti á lista Tax Foundation yfir samkeppnishæfni skattkerfa.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYDÓR



Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra



Konráð S. Guðjónsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs

hæfni milli landa. „Samantektin byggir á mjög fáum atriðum í skattkerfinu og það er ómögulegt að rada kerfum í sæti á grundvelli þess, auk þess er að finna einstaka villur um skattþróun í samantektinni. Í þessu sambandi er áhugavert að Ísland er neðst Norð-

Gagnrýnir að ekki sé tekið tillit til jöfnunarhlutverks

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra gagnrýnir að í samantekt Tax Foundation sé ekki tekið tillit til jöfnunarhlutverks skattkerfisins.

„Þessi samantekt er á vegum Tax Foundation sem eru hagsmunasamtök sem standa fyrir opnu hagkerfi og lágum sköttum. Þannig að í þessari samantekt eru þau ekki að taka tillit til þess sem við metum mikils hér á landi sem er jöfnunarhlutverk skattkerfisins,“ segir Katrín og bætir við að þó sé mikilvægt að skoða þessa greiningu eins og aðrar til að leggja mat á hvað megi betur fara.

„Stóra verkefnið í mínum huga er þó hvernig skattkerfið er að þjóna okkar meginmarkmiðum sem er að afla tekna til að standa undir samneyslunni og síðan að jafna kjör og aðstæður. Ef við skoðum jöfnuð og almenna velferð er Ísland að skora mjög hátt.“

urlandanna í samanburðinum, þrátt fyrir að hin Norðurlöndin hafi öll verið með meiri skattbyrði samkvæmt skýrslu OECD frá síðustu áramótum.“

Konráð segir aðspurður hvaða úrbætur væri æskilegt að ráðast í að huga þurfi að því að einfalda virðisaukaskattkerfið.

„Eitt sem við höfum bent á er að Ísland skorar mjög lágt í því hvað virðisaukaskattkerfið okkar er sundurleitt. Það er mikið um undanþágur. Við þekkjum þessa umræðu að þegar það gengur illa í einhverri atvinnugrein þá er virðisaukaskatturinn bara afnuminn. Nýlegt dæmi er þegar afnema átti virðisaukaskatt af bókum. Virðisaukaskatturinn er mikil-

vægasti skattstofn ríkisins en samt sem áður er að öðru leyti lítil sem engin umræða um hann. Við sáum til dæmis í kosningunum að þá var engin umræða um þetta mikilvæga mállefni,“ segir Konráð og bætir við að það felst tækifæri í því að draga úr undanþágum.

„Ég tel að það væri ákveðið tækifæri að draga úr undanþágum en á móti nota það svigrúmum sem skapast til þess að lækka almennt virðisaukaskatt og jafnvel draga úr skattheimtu á einstaklinga sem er almennt mikil á Íslandi.“

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir að hún geti tekið undir að skoða þurfi hvort fjölga eigi tvísköttunarsamningum. „Í samantektinni er það nefnt sem ókostur

hvað við erum með fáa tvísköttunarsamninga. Ég get alveg tekið undir það að það sé eitthvað sem við þurfum að skoða en ég get ekki tekið undir það að þessi samantekt geti endurspeglad samkeppnishæfni milli landa því hún byggir á mjög takmörkuðum þáttum og tekur ekki tillit til jöfnunarhlutverksins.“

Konráð tekur undir að mikilvægt sé að fjölga tvísköttunarsamningum og lækka tryggingagjaldið. „Við viljum byggja upp fjölbreytt atvinnulíf og þá gefur augaleið að þá kemur til góðs að það séu fleiri tvísköttunarsamningar en nú er. Við erum með fáa tvísköttunarsamninga og það felst tækifæri í því að fjölga þeim.“

Hvað varðar tryggingagjaldið þá er mikilvægt að það sé lækkað, heyrum við á okkar félagsmönnum. Það er í raun hliðstætt því sem er veikleiki hjá okkur og það er skattheimta á einstaklinga, hún er mikil þó að hún hafi verið lækkuð.“

Bjarni segir jafnframt að í samantektinni sé nefnt að hér hafi verið aukið við endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar. „Sú breyting ásamt öðrum stuðningi skattkerfisins við nýsköpun og frumkvöðlastarfermi hefur einmitt orðið til þess að stuðla að stórsókn í greininni, með fjölgun fyrirtækja og starfa og mikilli aukningu í útflutningstekjum.“ ■

Ísland er með einhverjar hörðustu takmarkanirnar á landamærum

magdalena@frettabladid.is

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group, segir að þær takmarkanir sem nú eru í gildi á landamærum hafi mikil áhrif á eftirspurnina eftir Íslandi sem ferðamannastað. Það liggur fyrir.

Aðspurður hvort hann telji að stjórnvöld muni bráðlega draga úr takmörkunum í ljósi nýjustu tíðinda af fjölgun smita segir Bogi að mikilvægt sé að fylgjast með nágrannaþjóðunum í því sambandi.

„Ég bara veit það ekki í hrein skilni sagt. En ég tel að við ættum bara að fylgjast með nágrannaþjóðum í þessu sambandi og það er ekki bara það að það sé krafist prófa frá bólusettingu ferðamönnum. Það er líka þannig að hér er flugfélögum ekki treyst til að ganga frá



Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair

þessu við byrðingu eða innritun heldur er líka gengið á eftir þessu þegar þú kemur hingað til lands sem ferðamaður. Sem veldur bara röðum í Leifstöð og það verður óþægileg upplifun, mikið kraðak og þetta er ekki svona í neinu landi sem við þekkjum. Þannig að það er ýmislegt sem við getum bætt hér ef við litum til okkar nágrannaþjóða.“ ■



FJÁRFESTING Í SJÓÐUM ER GÓÐUR VALKOSTUR

TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA TIL SKEMMRI OG LENGRI TÍMA



ÍSLENSK VERÐBRÉF

— síðan 1987 —

Kynntu þér árangur og úrval íV sjóða á WWW.IV.IS

GRÆNABYGGÐ VOGUM

GRÆNABORG Í LANDINU GRÆNABYGGÐ Í VOGUM



Grænaborg 6-10 og 14

12	3-5	81-106.2 m ²
íbúðir í húsi	herbergi	stærð

Íbúðirnar eru þriggja, fjögurra og fimm herbergja, allar með sérinngangi. Fjölbýlishúsin eru byggð á vandaðan máta, einangruð og klædd að utan með varanlegri áklæðningu. Arkís sér um hönnun á verkinu og eru húsin afar glæsileg. Sjá nánar á www.gb.org.is


Stærðir og gerðir íbúða:

3 herbergi	4 herbergi	5 herbergi
samtals 2 íbúðir.	samtals 6 íbúðir.	samtals 4 íbúðir.
81.0 m ² að stærð.	92.2 m ² að stærð.	106.2 m ² að stærð.
Íbúðir: 104 og 204	Íbúðir: 102, 103, 105, 202, 203, 205	Íbúðir: 101, 201, 106 og 206

Gullkort
DOMUSNOVA

Við kaup eða sölu fasteignar færð þú Gullkort Domusnova og nýtur sérkjara hjá fjölmörgum fyrirtækjum. Nánar á domusnova.is

Hlutdeildarlán í boði



Þriggja herbergja frá	Fjögurra herbergja frá	Fimm herbergja frá
45.900.000 kr.	50.900.000 kr.	53.900.000 kr.



Sölvi Þór Sævarsson
Löggiltur fasteignasali
Byggingameistari/Rekstrarfræðingur
solvi@domusnova.is
Sími: 618 0064

Grænabyggð er sérstaklega vel staðsett fyrir þá sem vilja vera í nágrenni höfuðborgarsvæðisins en í rólegu og fjölskylduvænu umhverfi. Vogar er einstaklega barnvænt sveitafélag og þar er stutt í alla helstu þjónustu og tólmstundir, sem þýðir minni tími í skutl og meiri tími til að njóta. Þá er óspillt náttúra aðeins steinsnar frá hverfinu. Grænabyggð er mitt á milli tveggja stærstu atvinnukjarna landsins. Í aðra áttina er höfuðborgarsvæðið í aðeins um 15 mínútna akstursfjarlægð og í hina er Keflavíkflugvöllur í svipaðri fjarlægð, en gert er ráð fyrir mikilli fjölgun starfa í tengslum við flugvöllinn á komandi árum. Þá eru fjölmörg störf tengd ferðaþjónustu á svæðinu, til dæmis Bláa Lónið.

LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN

DOMUSNOVA

Fasteignasala



Séður úr vestri að Miðfellstindi líkist Ragnarstindur einna helst héluðum hanakambi. Þarna býðst einhver fallegasta fjallasýn á Íslandi með Örafajökul og Hrútsfjallstinda í aðalhlutverki. MYND/ÓMB

Hélaður hanakambur




Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi



Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari

Flest fjöll á Íslandi og fossar eiga sér nöfn sem sum má rekja allt aftur til landnáms. Á þessu eru þó undantekningar eins og hæstu fossar landsins inn af Morsárdal en þeir eru enn nafnlausir líkt og margir af fossum í Hvalá og Eyvindarfjarðará norður á Ströndum. Í Skaftafellsfjöllum, milli Morsárdals og Skeiðarárjökuls, var einnig lengst af nafnlaus 1.370 metra hártindur sem úr fjarlægð minnir á ísaðan hanakamb. Árið 2000 fékk hann nafnið Ragnarstindur í höfuðið á Ragnari Stefánssyni, fyrsta þjóðgarðsverði í Skaftafelli. Því starfi gegndi Ragnar frá 1973 til 1986 en hann lést áttæður að aldri árið 1994. Ragnar átti stóran þátt í stofnun Skaftafellsþjóðgarðs árið 1967 en ári áður seldi hann ríkinu jörð sína Hæðir sem ásamt jörðunum Bölta og Seli urðu kjölfesta þjóðgarðsins. Framsýni stjórnvalda þess tíma að gera Skaftafell að þjóðgarði var mikil og árið 2008 varð hann hluti mun stærri Vatnajökulsþjóðgarðs. Reynslan sýnir að Íslendingar eru yfirleitt sáttir við þjóðgarða sína og friðlönd, sem vert er að hafa í huga þegar sífelld er sótt að ósnortnum víðernum á hálendi Íslands.

Ganga á Ragnarstind er löng og á köflum brött og nokkuð strembin. Lagt er af stað frá bílastæði í Skaftafelli skammt frá Morsá, sem farið er yfir á göngubrú. Síðan tekur við löng ganga inn aflíðandi Morsárdal, en upp af honum ris tignarleg tindaprenna; Þumall (1.279 metrar), Miðfellstindur (1.430 metrar) og Ragnarstindur. Gengið er upp bratt Vestra-Meingil og síðan tekur við Hnútdalur og upp af honum brattar snjófannir undir klettum Miðfellstinds. Þetta er erfiðasti hluti leiðarinnar og krefst jöklabúnaðar og jafnvel sérstakra jöklatrygginga. Skammt frá rótum Þumals er stefnt inn á jökulinn norðan Miðfellstinds og haldið í austur að Ragnarstindi. Hanakamburinn er brattur efst en oftast er hægt að þræða með jöklabúnaði snjóbrennur austan megin upp á tindinn. Þarna býðst ótrúlegt útsýni yfir Kjós og Morsárdal en líka Örafajökul, Hrútsfjallstinda, Skarðatind og Kristínartinda. Á leiðinni heim er tilvalið að toppa Miðfellstind og eftir það er haldin sama leið til baka niður Hnútdal. Þetta eru samanlagt um 34 kílómetrar og tekur 16-18 tíma. Því er valkostur að tjalda innst í Morsárdal og taka tindana tvo á tveimur dögum. ■



Tindaprennan í Skaftafellsfjöllum ofan Kjósar og Morsárdals. Frá vinstri Þumall, síðan Miðfellstindur og loks snævi þakinn Ragnarstindur. MYND/ÓMB

Ragnarstindur er spennandi tindur en nokkuð krefjandi.

MYND/STEFÁN S. SKÚLASON





HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

Fallegra heimili

á betra verði

GROHE

damixa™

Blöndunar-
tæki

25%
afsláttur

Flísar

25%
afsláttur



Skoðaðu
fleiri tilboð

Græn
vára

LADY málning

25%
afsláttur

Parket

25-40%

afsláttur

Þitt með fyrirvara um þrenntíllur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Framúrskarandi
fyrirtæki

2017-
2021
Framúrskarandi
fyrirtæki

Þjóðarmein



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það hníga til þess rök að Íslendingar lifi í samfélagi þar sem meiri áhersla er lögð á eftirgrennsan með skattsvikum en rannsóknir á kynferðisbrota-málum. Fyrri málaflökkurinn virðist vera tekinn fastari tókum en sá síðari, enda fer hann mun hraðar í gegnum réttarkerfið, jafnvel á örfáum mánuðum, á meðan þolendur kynferðisofbeldis – í yfirgnæfandi tilvikum konur – geta átt von á því að bíða árum saman eftir að dómur falli.

Það er svo eftir öðru að margir gerendurnir sem dæmdir eru fyrir þessa svívirðilegu glæpi fá að lokum afslátt af refsivistinni vegna þess hve langur tími leið frá dómsuppkvaðningu. Og það óréttlæti upplifa margir þolendur sem aðra nauðgun, af hálfu ríkisins.

Kynferðisofbeldi er þjóðarmein á Íslandi. Birtingarmyndir þess eru margvíslegar, allt frá endurtekinni áreitni til alvarlegustu sálar-mórða. Og ekkert lát er á þessari svívirðu. Það sem af er ári hafa nitján einstaklingar leitað til neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðis-ofbeldis vegna hópnaudgunar þar sem tveir eða fleiri hafa verið að verki. Það eru mun fleiri tilvik en á síðasta ári og miklu fleiri en árið þar á undan.

Hafi ríkið einhverju hlutverki að gegna í samfélaginu þá er það akkúrat að taka þennan málaflökk alvarlega – og gera allt sem í valdi þess stendur til að fækka glæpum af þessu tagi, en rannsaka þá sem drýgðir eru af mannúð, fagmennsku og af þeim þunga sem hann á skilið.

Ömögulegt er að setja sig í spor ungra stúlkna sem verða fyrir hópnaudgun, þótt hægt sé að gera sér í hugarlund þann óbærilega hrylling sem marka mun heilsu fórnarlambins um aldur og ævi. Mögulegt er aftur á móti að taka þessa glæpi jafn alvarlega og þeir eiga skilið. ■



Ömögulegt er að setja sig í spor ungra stúlkna sem verða fyrir hópnaudgun.

■ Halldór



Ríkisvilji

Stjórnendur einhvers langþreyttasta ríkis-fyrirtækis landsmanna, Póstsins, hafa afráðið að hækka verð á póstsendingum úti á landi en lækka það á höfuðborgarsvæðinu. Þar með verður ekki lengur sama póstverð á landinu. Þetta er ríkisvilji. Þetta er ríkiseinokun.

Verslanakeðjan Bónus, sem er einkafyrirtæki, hefur selt landsmönnum mat- og heimilsvörur á sama verði um allt land um árabíl. Ólíku er hér saman að jafna, hjá hinu opinbera og hjá einkaframtafinu. Landsbyggðarfolk hlýtur nú að kalla eftir einkavæðingu Póstsins. ■

■ Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

Þung bók

Ljósildran eftir Guðna Elisson, rithöfund og prófessor, er án efa þyngsta skáldsaga þessarar vertíðar en gæti einnig endað sem sú umdeildasta. Í það minnsta í kreðsum rithöfunda þar sem til dæmis Eiríkur Örn Norðdahl hefur gert ágreining um að Guðni byggi aðalpersónu sína, H.M.S Hermann, á Hermann Stefánssyni rithöfund. Guðni hafnaði þessum kenningum sem hreinni og klárri delu í samtali við Vísi í gær þótt þau orð virðist lítið hafa lægt öldurnar ef marka má viðbrögð við ástandsgreiningu bókmenntapáfans Egils Helgasonar á Facebook.

Þessi bók á að vera þung

„Ég hef lesið bók Guðna nokkuð vel og finnst það fráleit hugmynd að hann sé í þessu stóra verki að fjalla um einhverja ákveðna persónu eða beina spjótum sínum að henni. Þetta er óþarfa viðkvæmni,“ skrifaði Egill og benti á að persónur á borð við H.M.S. Hermann eru nokkuð algengar í bókmenntum. „Mér finnst líka að Hermann Stefánsson sé smættadur með þessari umræðu – því í mínum huga er hann einn besti og frumlegasti rithöfundur á Íslandi,“ bætir Egill við í sínum salómonsdomi. Er þá ekki bara allir sáttir? ■

Virðing fyrir starfsfólki, virðing fyrir öryggi



Örvar Ragnarsson hlaðmaður á Reykjavíkflugvelli, öryggis-trúnaðarmaður og félagsmaður í Eflingu

Ég hef starfað við innanlandsflug síðastliðinn aldar-fjórðung. Ég er sennilega einn af fáum sem starfa við flug án þess að flug sé sérstakt áhugamál mitt.

Þrátt fyrir það hef ég starfað í hlaðdeildinni á Reykjavíkflugvelli öll þessi ár. Verkstjórnarnir þar hafa alltaf getað gengið að því vísu, að þegar þeir kalla eftir mér þá er öllu hent frá og ég mæti. Þetta hlýtur að hafa verið góður vinnustaður úr því að maður hefur starfað þarna þetta lengi í lægsta launaþrepinu innan fluggeirans.

Nú er staðan hins vegar þannig að maður mætir hálf skjálfandi til vinnu af ötta yfir því hvaða breytingar kunni að bíða manns. Eins og mönnunin er í dag þá færi ég að jafnaði úr stað 5 tonn og geng um 25 kílómetra á einni vakt.

Árásir yfirmanna

Síðastliðið ár hefur einkennst af endalausum árásum yfirmanna, sem snúast um að fækka okkur enn frekar. Í ofanálag vilja þeir bæta á okkur verkefnum, jafnvel þótt við komust ekki með góðu móti yfir það sem við gerum nú þegar.

Nýjasta útspil þessara yfirmanna var að segja upp starfandi trúnaðarmanni og öryggistrúnaðarmanni okkar, Ólöfu Helgu Adolfsdóttur, á sama tíma og hún sinni því hlutverki sínu að standa vörð um öryggi og réttindi okkar vinnufélaganna.

Áskorun til Ícelandair

Þetta er komið gott. Ég vil ekkert nema mæta til minnar vinnu og sinna henni af kostgæfni. Ég skora á Ícelandair í fyrsta lagi að draga til baka uppsögn Ólafar Helgu Adolfsdóttur, í öðru lagi að sýna okkur hlaðmönnum á Reykjavíkflugvelli virðingu og í þriðja lagi að eiga eðlileg samskipti við okkur um að skipuleggja vinnuna þannig að öryggi allra sé í fyrir-rúmi. ■



Ég vil ekkert nema mæta til minnar vinnu og sinna henni af kostgæfni.

Ný sending af gæðarúmunum frá Dupen

Sjá nánar á patti.is



DUPEN

Kíktu í heimsókn!

Opíð virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - patti.is

Patti
HÚSGÖGN

Reglur um kosningaumsvif hagsmunaafila

Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Í vor sem leið staðhæfði seðlabankastjóri að þjóðfélaginu væri stjórnað af hagsmunaöflum. Formaður bankaráðsins tók undir þau sjónarmið.

Þetta var einn af mörgum pólitískum leikjum núverandi seðlabankastjóra.

Forsætisráðherra setti hæversklega ofan í við hann í umræðum á Alþingi með því að staðhæfa að hann hefði ekki skýrt mál sitt út. Meining forsætisráðherra var greinilega sú að fyrir þær sakir væru ummælin ekki svaraverð.

Gagnrýni seðlabankastjóra

Ofur skiljanlegt var að pólitík seðlabankastjóra skyldi fara fyrir brjóstið á ríkisstjórninni í þetta skiptið. Í þessu tilviki fór hann eins og stundum út fyrir lögbundið hlutverk sitt.

Hitt er annað mál að sennilega eru fá dæmi þess að orð seðlabankastjóra hafi fallið í jafn frjóan jarðveg hjá allri alþýðu manna. Auðfundið var að þjóðin var sömu skoðunar. Í krafti embættis síns gaf hann slíkum hugsunum stórukið vægi.

Ástæðan fyrir ummælum seðlabankastjóra voru átök Samherja við starfsfólk bankans. En trúlega hefur þorri fólks skynjað umræðuna í stærra samhengi.

Bitist um áhrif á Alþingi

Segja má að ummælin hafi svo orðið að áhrinsorðum í kosningabaráttunni í síðasta mánuði. Hún er því tilefni til að rifja upp þetta sérstaka pólitíska útspil seðlabankastjóra.

Aldrei fyrr hafa félög atvinnurekenda og launafólks blandað sér í kosningabaráttu til Alþings með jafn ríkum og afgerandi hætti. Þátttaka þeirra var álíka öflug og stjórnmalaflokkanna sjálfra, sem buðu fram fólk til setu á löggjafarþinginu.

Fáum gat blandast hugur um að þetta var kosningabaráttu hagsmunaafilanna. Þau voru að bitast um áhrif á Alþingi.

Fjárhagslegir yfirburðir

Hagsmunasamtökin eru fjárhagslega margfalt öflugri en stjórnmalaflokkarnir. Þar er engu saman að jafna. Riflegur stuðningur við stjórnmalaflokka úr ríkissjóði virkar eins og vasapeningar í þeim samanburði.

Í krafti fjárhagslegs styrkleika hafa hagsmunasamtökin einnig byggt upp öflugar hagdeildir og sérfræðingateymi til að vinna að stefnumótun. Í þeim samanburði eru jafnvel stærstu stjórnmalaflokkarnir á flæðiskeri.

Í kosningabaráttunni eiga hagsmunasamtökin oft greiðari aðgang með málflutning sinn að fréttatímum og fréttasiðum fjölmiðla. Það helgast af því að fundir og ráðstefnur stjórnmalaflokka flokkast sem áróður en í tilvikum hagsmunasamtaka sem málefnalegt framlag til upplýstrar umræðu.

Trúlega náðu SA mestum árangri ASÍ talaði fyrir umbjóðendum sína með því að staðhæfa að nóg væri til. BSRB lagði svo áherslu á opinber störf.

Samtök atvinnulífsins slepptu

því að ræða samkeppnisstöðu atvinnulífsins og ríkisfjármálin. Þau studdu óbreytta stjórn en gerðu stífa kröfu um stefnubreytingu í heilbrigðismálum.

Trúlega hafa þau náð mestum árangri hagsmunasamtakanna.

Aðgreining kosningastarfsemi og vinnumarkaðsstarfsemi

Hagsmunasamtökin á vinnumarkaðnum hafa lögbundið hlutverk, njóta lögvarinna réttinda og bera lögakveðnar skyldur. Að auki hafa þau stjórnarskrárvarinn rétt til þess að tjá sig um hvað eina sem þeim þykir ástæða til. Á það tjáningarfrelsi verða að sjálfsögðu ekki lögð nein bönd.

En þegar kemur að kosningum verður að hafa í huga að stjórn-

málaflokkar lúta margs konar reglum. Þeir verða að birta reikninga. Eins verða þeir að birta lista yfir framlög yfir tilteknum mörkum. Allt er þetta gert til að tryggja gagnsæi og traust.

Eðlilegt væri að setja hagsmunasamtökum á vinnumarkaðnum svipaðar gagnsæisreglur. Óheimilt ætti að vera að nota félagsgjöld vegna vinnumarkaðsstarfseminnar til kosningaumsvifa. Þau ætti að kosta með sjálfstæðri og aðgreindri fjárflokkun.

Aðskilja ætti vinnumarkaðsstarfsemi og kosningastarfsemi í reikningshaldi. Kosningastarfsemin ætti einnig að lúta sams konar birtingarreglum og eftirliti ríkisendurskoðunar eins og reikningar stjórnmalaflokka. Birta ætti



Eðlilegt væri að setja hagsmunasamtökum á vinnumarkaðnum svipaðar gagnsæisreglur.

lista yfir einstök framlög, umfram tiltekin mörk, með sama hætti og stjórnmalaflokkum er gert.

Jafnræði

Þetta er óhjákvæmilegt að gera til þess að allir sitji við sama borð þegar kosið er til Alþingis. Fram hjá því má ekki líta að Alþingiskosningar eru kjarni lýðræðisins.

Viðbrögðin, sem pólitísk ummæli seðlabankastjóra um áhrif hagsmunaafila fengu fyrr á þessu ári, sýna að það er sterk tilfinning úti á meðal borgaranna að hagsmunaáhrifin kunni að ógna lýðræðinu.

Mikilvægt er að ríkisstjórn og Alþingi bregðist skjótt og markvisst við þeirri nýju stöðu, sem upp er komin. ■

Netapótek Lyfjavers

Frí heimsending um land allt!*



Afhendum samdægurs

á höfuðborgarsvæðinu
mán-lau ef pantað
er fyrir kl. 13:00.


Í Netapóteki Lyfjavers getur þú fundið þína lyfseðla, valið samheitalyf og séð lyfjaverðið þitt.

Nýttu þér lágt lyfja- og vöruverð á lyfjaver.is

*Frí heimsending ef pantaðir eru tveir lyfseðlar eða verslað er fyrir meira en 9.900 krónur.

LYFJAVÉR

lyfjaver.is
Suðurlandsbraut 22



Veiðistjórn á villigötum



Ole Anton Bieltvedt stofnandi og formaður Jarðarvina

Þessa dagana er umræðan um undanþágu frá friðun rjúpunnar mjög á dagskrá, en þrátt fyrir það, að rjúpan hafi verið friðuð í aldarfjórðung, og þrátt fyrir það, að þá þegar var búið að útrýma 80-90% rjúpnastofnsins, þá hefur Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) mælt með því, að undanþága væri veitt frá friðun, og veiðar leyfðar, í 23 ár, af þeim 25, sem rjúpan hefði átt að njóta friðunar skv. lögum nr. 64/1994.

Hér mætti auðvitað spyrja: Til hvers var friðun rjúpu yfir höfuð fest í lög, og hver er virðing embættismanna og stjórnvalda við lög landsins!? Er lagasetning bara málamyndagjörð fyrir embættismönnum, sem þeir geta svo leikið sér með, fram og til baka, að eigin geðþótta!?

Skýringin á veiðum í 23 ár, af 25, þrátt fyrir lögbundna friðun, er fyrir undirrituðum sú, annars vegar, að veiðimenn, sem litlar eða engar tilfinningar hafa fyrir villtum dýrum – og virðast hafa af því mikla ánægju, að stunda sitt dýrdráp – hafa þrýst hart á með það, að vikið væri frá friðun, svo þeir gætu stundað sitt blóðsport.

Hins vegar, virðist skýringin á því, að aftur og aftur hafa friðunarlög verið vanvirt, og mælt með veiðum, vera sú, að veiðimenn hafa sjálfir gegnt lykilhlutverkum bæði í NÍ og Umhverfisstofnun (UST), sem saman fara með ráðgjöf um undanþágu frá friðun og veiðistjórnun.

Helzti sérfræðingur NÍ um rjúpnamál, sem hefur haft mest að segja um það, hvort fuglinn væri friðaður, skv. lögum, eða undanþága veitt til veiða, er sjálfur rjúpnaveiðimaður.

Það sama mun gilda um forstjóra NÍ; hann hefur sjálfur stundað rjúpnaveiðar.

Að auki er það svo, að sá maður, sem var helzti sérfræðingur UST í veiðum villtra dýra, færði sig svo

einfaldlega yfir til Skotveiðifélags Íslands, Skotviss, sem bendir til, að hann sjálfur hafi stundað blóðsportið, kannske ótæpilega, í gegnum tíðina, líka meðan hann vann fyrir UST.

Ég þekki ýmsa góða menn, sem eru veiðimenn, en þeirra tilfinningalíf er, í þessu tilliti, annað, en okkar dýravina; þeir hafa litlar eða engar tilfinningar fyrir dýrum, og líta á þau sem sjálfsgöða bráð; á veiðar sem sport og skemmtun, sem þeir eigi fullan rétt á.

Villt dýr séu nánast fædd í þennan heim, til að gera þeim kleift að elta þau og drepa. Kikkið ráði. Tilfinningin fyrir villtum dýrum og rétti þeirra til velferðar og lífs virðist við núllið.

Forráðamenn NÍ, líka formaður Skotviss, virka sem vænir menn, góðir drengir, almennt talað, en gagnvart dýrum hafa þeir litlar tilfinningar.

Því er með öllu óhæft, að þeir ráði ferðinni, þegar línur eru lagðar um það, hvort lögbundin friðun gildi, eða undanþága sé veitt til veiða.

Skv. talningu NÍ var vor- eða varpstofn rjúpu í vor 69 þúsund fuglar. Reiknað er með, að 179 þúsund ungar hafi bæzt við í sumar, þannig, að haust- eða veiðistofn, með 6 mánaða ungum, sé 248 þúsund fuglar.

Skv. gögnum NÍ, er þetta minnsti og veikasti stofn rjúpu frá upphafi talninga 1995, og til samanburðar hefur NÍ sjálf gefið út, að rjúpur í landinu, á fyrri hluta síðustu aldar, hafi verið allt að 5 milljónir fugla.

Engu að síður mæla forráðamenn NÍ með, að friðun rjúpu sé enn og aftur virt að vettugi, og, að veiðar verði leyfðar á 20 þúsund fuglum, sem skiptist eiga á 5 þúsund veiðimenn.

Mælt er með, að hver veiðimaður fái að veiða 4 rjúpur.

Allir, sem eitthvað vita um



rjúpnaveiðar og neyzlu fuglsins, vita, hins vegar, að það fer enginn veiðimaður til fjalla til að veiða 4 rjúpur.

Uppgefin meðalveiði á veiðimann, skv. gögnum UST sjálfar, síðustu 16 árin, er 12 fuglar á veiðimann. Þetta er sjá fjöldi, sem veiðimenn gefa upp, ef þeir gefa yfir höfuð eitthvað upp.

Þeir, sem til þekkingu, munu vita, að almenn veiði veiðimanna er 15-20 fuglar, eða fjórum til fimm sinnum meiri, en NÍ reiknar með.

Eru þeir þá ótaldir, sem kunna að veiða án leyfa, t.a.m. bændur og landeigendur, sem veiða á eigin

jörðum, og telja lífríkið þar sína eign, eins og fiskinn í ám og vötnum á þeirra landi.

Verði UST og umhverfisráðherra við ráðgjöf NÍ um veiðar, nú í nóvember, tel ég, að stjórnvöld séu að gefa grænt ljós á enn eina aðförina að hinu fábrotna og fátæklega íslenska lífríki. Auk misvirðingar laga landsins.

Rjúpan er nú þegar á valista NÍ um „tegundir í yfirvofandi útrýmingarhættu“. Augljóslega er búið að ganga að fuglinum að yztu þolmörkum.

Vinstri-grænn umhverfisráðherra á leikinn. ■

Augljóslega er búið að ganga að fuglinum að yztu þolmörkum.

Endurreisn tónlistarlífs

Ísleifur Þórhallsson
Sena Live og
Bandalag íslenskrar
tónleikahaldara

Ásmundur Jónsson og Eiður Arnarsson
FHF

Guðrún Björk Bjarnadóttir
STEF

Gunnar Guðmundsson
SFH

Þórunn Gréta Sigurðardóttir
Tónskáldafélag
Íslands

Maria Rut Reynisdóttir
Tónlistarborgin
Reykjavík

Svanhildur Konráðsdóttir
Harpa tónlistar-
og ráðstefnuhúðs

Gunnar Hrafnsson
FÍH

Bragi Valdimar Skúlason
FTT

Sigtryggur Baldursson og Bryndís Jónatansdóttir
ÚTÓN

Áhrif heimsfaraldurs skelfileg fyrir tónlistariðnað

Í ágúst sl. kynnti ríkisstjórnin aðgerðir til að efla skapandi greinar. Í þeim felst m.a. að sett verður á fót sérstakt markaðsverkefni „Skapandi Ísland“, Listaháskólinn fær loksins nýtt húsnæði og stofnað verður rannsóknarsetur skapandi greina við Bifröst. Allt eru þetta nauðsynlegar og góðar aðgerðir. Hins vegar er ljóst að þær ná engan veginn utan um fyrirbyggjandi vanda tónlistargeirans. Í því sambandi er rétt að horfa til þess að heimsfaraldurinn hafði mjög mismunandi áhrif á einstakar atvinnugreinar innan skapandi greina. Óumdeilt er að tónlistargeirinn kom þar langverst út, enda var stórum hluta þess fólks sem innan hans starfar á einn eða annan hátt gert ókleift að stunda vinnu sína. Í því sambandi er nærtækt að líta á tekjur STEFs aflifandi flutningi, en þær féllu um 80% milli árunna 2019 og 2020. Færa má rök fyrir því að flytjendur, tæknifólk og tónleikahaldarar hafi orðið fyrir samsvarandi tekjusamdrætti á sama tímabili. Þær tekjur sem þó komu inn á árinu 2020 voru fyrst og fremst vegna tónleika sem haldnir voru á árinu 2019 eða í janúar- og febrúarmánuði 2020. Tekjur af sk. streymistónleikum námu einungis brotabroti af því sem verið hefði í venjulegu árferði. Óhætt er að draga þá ályktun að þessi niðurstaða endurspeglar bæði tekjutap flytjenda, tónhöfunda og tónleikahaldara, svo og þeirra sem á einn eða annan hátt starfa innan þessa geira, t.d. tæknifólks og annarra sem starfa á bak við tjöldin. Á sama tíma féllu einnig tekjur vegna flutnings- baka

grunnstónlistar, vegna lokunar eða takmarkaðs opnunartíma veitingahúsa og hótela. Það tekjutap nam um 30% á ársgrundvelli.

Hvað eru aðrar þjódur að gera?

Svipaða sögu er auðvitað að segja af mörgum þeim þjóðum sem við berum okkur saman við, en munurinn er þó sá að þar hefur verið brugðist við með afgerandi hætti. Þannig hefur sænska ríkisstjórnin tilkynnt um stærsta framlag til menningar í sænskri sögu á árinu 2022, með þeim orðum að stærsta tekjutapi í sögunni verði að mæta með stærstu endurreisnaraðgerð sögunnar. Miðað við fólksfjölda, væri samsvarandi upphæð í íslenskum krónum um 771 millj. kr. til viðbótar við venjubundin framlög. Í Noregi og Danmörku var tónlistargeiranum sérstaklega bætt tekjutap sitt með greiðslum til höfundaréttarsamtaka, svo og flytjendasamtaka, auk þess sem Útflutningsskrifstofa norskrar tónlistar hefur hlotið mjög veglegan viðbótarstyrk frá norsku ríkisstjórninni.

Íslenski tónlistariðnaðurinn situr eftir

Á sama tíma blasir héraendis við allt annað landslag. Framlög í Útflutningssjóð íslenskrar tónlistar frá hinu opinbera hafa þvert á móti lækkað á milli ára, listamannalaun fylgja ekki verðlagi og eru í raun undir lágmarksalaunum, þegar haft er í huga að um er að ræða verktakalaun og að af þeim eigi eftir að greiða lífeyrissjóðsildgjöld og önnur launatengd gjöld. Þar að auki hefur gengi krónunnar veikst sem hefur leitt af sér aukinn kostnað við öll tónleikaferðalög og tónleikahald erlendis.

Hljóðritasjóður hefur ekki stækkað þrátt fyrir loforð um slíkt, en í ár var meira að segja 25% minna úthlutað úr honum en fyrri ár vegna mistaka við útreikning umsýslukostnaðar Rannís hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, sem ákveðið var að sjóðurinn skyldi bera. Staðan á hljóðverum landsins er sú að þrátt fyrir að endurgreiðslurnar á hljóðritunarkostnaði hafi laðað töluvert af erlendum verkefnum til landsins, ekki síst tengt kvikmyndatónlist, þá hafa innlend verkefni ekki fjármagn til að fjárfesta í upptökum.

Ákall eftir aðgerðum

Við köllum eftir því að hið opinbera marki nýja stefnu um aukinn stuðning við menningu á Íslandi, sér í lagi við tónlistariðnaðinn. Að öðrum kosti er hætt við að tónlistarlíf landsins beri varanlegan og frekari skaða af heimsfaraldurinum. Nánar tiltekið leggjum við til eftirfarandi aðgerðir:

- Beinn fjárhagslegur stuðningur til tónleikageirans til að bæta honum tekjutap sitt.
- Beinn fjárhagslegur stuðningur til flytjenda, útgefenda og tónhöfunda til að bæta þeim tekjutap sitt í gegnum STEF og SFH.
- Umtalsverð styrking á Útflutningssjóði íslenskrar tónlistar svo og rekstrarframlagi ÚTÓN og samningur gerður þar að lútandi, en skrifstofan er samningslaus sem stendur.
- Umtalsverð styrking á Hljóðritasjóði.
- Umtalsverð styrking á Tónlistarsjóði.
- Endurskipulagning og fjölgun listamannalauna, með það í

Tónlistariðnaðurinn þarf stuðning stjórnvalda til að viðspyrnu sé náð og hann geti áfram gegnt lykilhlutverki í íslensku efnahagslífi og samfélagi.

huga að skipting milli listgreina endurspeglar betur fjölda starfa í hverri listgrein fyrir sig, auk þess sem nauðsynlegt er að fjárhæð listamannalauna verði hækkuð m.v. almenna launabætur.

■ Fylgt verði eftir skýrslu nefndar um stofnun Tónlistarmiðstöðvar og ákveðin skref stigin í átt að stofnun hennar.

■ Endurgreiðsluhlutfall fyrir útgáfu hljóðrita á Íslandi verði hækkað í 35%, a.m.k. tímabundið (úr 25%).

Tónlistariðnaðurinn þarf stuðning stjórnvalda til að viðspyrnu sé náð og hann geti áfram gegnt lykilhlutverki í íslensku efnahagslífi og samfélagi. ■

Í skýrslu BHM, sem kom út fyrir í þessum mánuði, er að finna greiningu á hagðöllum menningargeirans. Niðurstaðan er í stuttu máli sú að mikill samdráttur hefur orðið í heildarlaunagreiðslum í menningartengdum atvinnugreinum síðustu ár og hrúnið og heimsfaraldurinn hafa haft margfalt meiri áhrif á menningargreinar en aðrar atvinnugreinar. Störfum í menningargeiranum hefur fækkað um 25% frá árinu 2008 og á sama tímabili hefur þar orðið 40% samdráttur í heildarlaunagreiðslum.

Málþing ADHD samtakanna að Háteigi, Grand Hótel 29. október kl. 13:00 – 16:00

Markmiðið með málþinginu er að varpa ljósi á stöðu einstaklinga með ADHD í íþrótta- og tómstundastarfi



Málþingið er hluti af alþjóðlegum ADHD vitundarmánuði og er lokaviðburður mánaðarins

Félagsmenn — 2.500 kr.
Almennt verð — 5.000 kr.

Skráning á adhd.is

Dagskrá

13:00 – 13:10	Setning málþings Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður ADHD samtakanna.
13:10 – 13:20	Ávarp Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra
13:20 – 13:30	Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna
13:30 – 14:00	TÍA - tómstundir, íþróttir og ADHD Bóas Valdórsson sálfræðingur, Menntaskólanum Hamrahlíð
14:00 – 14:30	YAP – Young Ahlete Project- Hreyfiáætlun Þóra Sigrún Hjaltadóttir leikskólastjóri, Heilsuleikskólanum Skógarási. Ásta Katrín Helgadóttir íþróttakennari/fagstjóri hreyfingu, Heilsuleikskólanum Skógarási.
14:30 – 14:45	Gunnar Helgason kynnir bókina „Alexander Daniel Hermann Dawidsson, BANNAD AÐ EYÐILEGGJA“
14:45 – 15:00	Kaffihlé
15:00 – 15:30	Ævintýrabúðir og íþróttastarf SLF Margrét Vala Marteinsdóttir, Styrktarfélagi Lamaðra og fatlaðra.
15:30 – 16:00	„Sestu, leggstu, hoppa, húlla“ Að styðjast við hund í vinnu með börnum Gunnhildur Jakobsdóttir iðjuþjálfari, Æfingastöðinni.
16:00	Samantekt og málþingslit

Fundarstjóri: Gunnar Helgason, rithöfundur, leikstjóri og leikari



ADHD
samtökin

Aldrei unnið tvö liðanna

Af þeim þjóðum sem verða í pottinum á morgun hefur íslenska kvennalandsliðið mætt öllum þeirra og unnið leik gegn öllum nema tveimur. Austurríki og Rússland eru einu þjóðirnar á EM sem Ísland hefur mætt áður en ekki tekist að vinna. Stelpurnar okkar gætu fengið tækifæri til að vinna Austurríki í fyrsta sinn í riðlakeppninni en rússneska liðið er með Íslandi í fjórða styrkleikaflokki og þyrfti því að mæta Íslandi í útsláttarkeppninni.

Heilt yfir hefur Ísland mætt þjóðunum fimmtán á EM 137 sinnum og hefur íslenska liðið unnið 29 af þessum leikjum, 26 hefur lokið með jafntefli og 82 leikjum lokið með tapi. ■

Nálægt þriðja styrkleikaflokki

Fyrirkomulag styrkleikaröðunarinnar kemur helst niður á Íslandi og Svíþjóð þegar dregið verður í riðla í dag. Ísland er í tíunda sæti á FIFA-listanum af þeim þjóðum sem verða á Evrópumótinu, fyrir ofan Belgíu, Sviss og Austurríki sem eru í þriðja styrkleikaflokki en Stelpurnar okkar verða í fjórða styrkleikaflokki í dag vegna formúlu sem UEFA notar.

Um er að ræða fjóra styrkleikaflokka sem ráðast á styrkleikastigum. Við útreikning þeirra er tekinn inn í myndina árangur liðanna í lokakeppni EM 2017, árangur liðanna í undankeppni og lokakeppni HM 2019 og undankeppni EM 2022. Af því gildir árangurinn á EM 2017 20 prósent og árangurinn í undankeppni EM 2022 40 prósent.

Samkvæmt því fær Ísland 33.458 stig og er 235 stigum á eftir nágrannþjóðunum Austurríki og Sviss sem eru í þriðja styrkleikaflokki. ■



Kristinn Páll Teitsson
kristinnpall@frettabladid.is

Andstæðingarnir koma í ljós í dag

Dregið verður í riðlakeppnina fyrir EM kvenna í knattspyrnu 2022 klukkan fjögur. Stelpurnar okkar eru á leiðinni á sitt fjórða Evrópumót í röð. Mótið fer fram í Englandi næsta sumar og er Ísland í fjórða styrkleikaflokki í dag.



Opnunarleikurinn heillar



Fréttablaðið fékk Mist Rúnarsdóttur, annan eiganda Heimavallarins sem heldur úti heimasíðu og hlaðvarpi um kvennaknattspyrnu, til að setja saman drauma- og martraðarriðil fyrir Ísland.

Draumariðill: Það er ljóst að það skiptir litlu hvaða andstæðing við fáum úr efsta styrkleikaflokki. Það verður alltaf gríðarleg áskorun. Það yrði frábært að mæta gestgjöfum Englands, ekki síst ef opnunarleikur á Old Trafford fylgdi með. Við gerðum ágætlega gegn Ítalíu í vor og ég hef fulla trú á að við vinnum þær næst. Þá held ég að Belgía væri góður kostur úr þriðja styrkleikaflokki.

Martraðarriðill: Frakkarnir hafa alltaf reynst okkur erfiðir og eiga harma að hefna eftir vonbrigði á síðustu stórmótum. Það yrði erfitt að mæta þeim, gríðarlega fljótum og líkamlega sterkum. Í öðrum styrkleikaflokki er Svíþjóð heitasta liðið ef við skoðum árangur á stórmótum undanfarið. Frænkur okkar í danska liðinu eru svo alltaf öflugar í þriðja flokki. ■

Miðasalan hefst í dag

Stuttu eftir að búið er að draga í riðla og ljóst er hverjir mótherjar Íslands verða og hvar leikirnir fara fram næsta sumar opnar miðasalan hjá Evrópska knattspyrnusambandinu.

Miðasalan á keppnina hefst í kvöld og geta einstaklingar sótt um miða á hvaða leik sem er. Á morgun hefst miðasala til stuðningsmanna þátttökuliðanna þar sem hægt verður að kaupa miða í sérstök stuðningsmannahólf. ■

Styrkleikaflokkur 1

England

8. sæti á heimslista



Árangur Íslands gegn liði

- Tíu leikir
- Einn sigur
- Eitt jafntefli
- Átta töp

Holland

4. sæti á heimslista



Árangur Íslands gegn liði

- Ellefu leikir
- Einn sigur
- Tvö jafntefli
- Þrjú töp

Þýskaland

3. sæti á heimslista



Árangur Íslands gegn liði

- Sextán leikir
- Einn sigur
- Fimmtán töp

Frakkland

5. sæti á heimslista



Árangur Íslands gegn liði

- Ellefu leikir
- Einn sigur
- Eitt jafntefli
- Niu töp

Styrkleikaflokkur 2

Svíþjóð

2. sæti á heimslista



Árangur Íslands gegn liði

- Sautján leikir
- Tveir sigrar
- Tvö jafntefli
- Prettán töp

Spánn

10. sæti á heimslista



Árangur Íslands gegn liði

- Fimm leikir
- Einn sigur
- Þrjú jafntefli,
- Eitt tap

Noregur

12. sæti á heimslista



Árangur Íslands gegn liði

- Fimmtán leikir
- Þrjár sigrar
- Þrjú jafntefli
- Niu töp

Ítalía

14. sæti á heimslista



Árangur Íslands gegn liði

- Sjö leikir
- Einn sigur
- Þrjú jafntefli
- Þrjú töp

Styrkleikaflokkur 3

Danmörk

15. sæti á heimslista



Árangur Íslands gegn liði

- Prettán leikir
- Tveir sigrar
- Þrjú jafntefli,
- Átta töp

Belgía

19. sæti á heimslista



Árangur Íslands gegn liði

- Þrjú leikir
- Einn sigur
- Eitt jafntefli
- Eitt tap

Sviss

20. sæti á heimslista



Árangur Íslands gegn liði

- Átta leikir
- Tveir sigrar
- Eitt jafntefli
- Fimm töp

Austurríki

21. sæti á heimslista



Árangur Íslands gegn liði

- Einn leikir
- Eitt tap
- Þrjú töp
- Þrjú jafntefli

Styrkleikaflokkur 4

Ísland

16. sæti á heimslista



Besti árangur á stórmóti

- Átta liða úrslit á EM 2013

Rússland

24. sæti á heimslista



Árangur Íslands gegn liði

- Sjö leikir
- Þrjú töp
- Fjögur jafntefli

Finnland

25. sæti á heimslista



Árangur Íslands gegn liði

- Niu leikir
- Þrjú sigrar
- Þrjú töp
- Þrjú jafntefli

Norður-Írland

48. sæti á heimslista



Árangur Íslands gegn liði

- Fimm leikir
- Fimm sigrar



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FIMMTUDAGUR 28. október 2021



Margrét og Hinrik prins á góðum degi í heimsókn í Moskvu.

Margrét afhjúpar leyndarmál

elin@frettabladid.is

Í nýrri bók, *Undervejs*, sem er að koma út lýsir Margrét Þórhildur Danadrottning lífi sínu á opinskáan hátt. Bókin er byggð á dagbókum og samtölum við drottninguna og fjallar um árin 1940-1972.

Margrét segir frá bernsku sinni og æskuárum. Talar meðal annars um áfengisvandamál föður síns til margra ára, listræna endurvakningu og eigin sektarkennd vegna orlaga Hinriks prins. Auk þess fjallar hún um árin sem hún stundaði nám við háskólann í Kaupmannahöfn, Árósum, í London og París.

Bókin er gefin út í tilefni 50 ára drottningarafmælis hennar á næsta ári. Faðir hennar, Friðrik IX, lést í janúar 1972 og tók hún við krúnunni sem elsta barn hans. Engin kona hafði áður tekið við krúnunni síðan Margrét I var höfðingi skandinavísku konungsríkjanna árið 1375.

Vinsæl drottning

Margrét og Hinrik prins giftu sig árið 1967. Þau hjónin eignuðust tvo syni, Friðrik krónprins og Jóakim prins. Margrét hefur alltaf verið listhneigð og hefur haft mikinn áhuga á fornleifauppgreftri. Væntanlega kemur hún inn á þessi áhugamál í bókinni sem þykir einstaklega persónuleg.

Margrét Þórhildur hefur ávallt verið afar elskuð af þjóð sinni og yfir 80 prósent Dana eru ánægð með störf hennar. ■



Kristinn Sigurðsson, seljandi Green Diamond dekkjanna, segir að þau hafi marga mikilvæga kosti fram yfir nagladekk og séu bæði umhverfisvænni og öruggari.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Green Diamond harðkornadekk geta komið í stað nagladekkja

Green Diamond eru augljós kostur fyrir alla sem vilja hætta að nota nagladekk til að vernda umhverfið og auka öryggi sitt. Mjög góð reynsla hjá fjölmörgum aðilum og sú staðreynd að þau valda mun minni svifryksmengun en nagladekk styður þennan valkost. **2**

TARAMAR

Endurmótaðu húðina með lífvirkum efnum úr náttúru Íslands



Tuttugu alþjóðleg verðlaun

Green Diamond harðkornadekkin eru íslensk hönnun fyrir íslenskar aðstæður sem henta í flestum tilvikum betur en nagladekk, menga margfalt minna og endast einstaklega vel. Green Diamond eru einu umhverfisvænu og vistvænu dekkinn sem bjóðast fyrir einkabílinn hér á landi og augljós kostur fyrir þá sem kjósa að hlífa umhverfinu með því að sleppa nögglunum.

„Það sem er kannski skemmtilegast við þetta er ekki bara að framleiðsla dekkjanna sé byggð á íslensku einkaleyfi, heldur hvað þetta er flott vara,“ segir Kristinn Sigurðsson, seljandi dekkjanna. „Að sjálfsgöðu notum við 100% náttúrulegt gædagúmmi í slitlagið og við blöndum iðnaðardemanti í allt slitlag Green Diamond dekkja. Virknin varir því allan líftíma dekkisins, en það eru á bilinu 300-400 grömm af iðnaðardemanti í hverju fólksbiladekki. Sumir leyfa sér að auglýsa harðkornadekk sem hafa kannski 20 grömm af iðnaðardemanti, sem er mulningur í efsta yfirborðinu, en mér finnst það vera hrein og klár vörusvik.“

Nagladekk eru barn síns tíma og veita falskt öryggi

„Green Diamond harðkornadekk hafa mikilvæga kosti fram yfir nagladekk. Ítarleg rannsókn doktors Haraldar Sigþórs-sonar umferðarverkfræðings gefur í fyrsta lagi sterkar vísbendingar um að naglarnir geti gefið falskt öryggi og að ökumenn á negldum hjólbörðum valdi hlutfallslega fleiri slysum en aðrir,“ segir Kristinn. „Ökumenn á nögglum keyra hraðar, sem þýðir lengri bremsuvegalegd, og á höfuðborgarsvæðinu er oftast keyrt á þurru eða blautu malbiki, en við slík skilyrði er hemlunarvegalegd bifreiða á nagladekkjum almennt lengri. Þá þekktist það við ákveðnar aðstæður að bílar á nögglum geta „skautað“ og það skapar hættu.“

Staðreyndin er sú að á suðvesturhorninu er veturinn orðinn svo mildur að ávinningurinn af notkun nagladekkja er hverfandi í samanburði við skaðann af þeim, þegar heildarmyndin er skoðuð,“ segir Kristinn. „Naglarnir tæta malbikið og skapa gríðarlega mikla svifryksmengun og það er vandamál sem er að versna með mildari vetrum.“

Ég leyfi mér bara að orða það þannig að naglar drepa. Læknar segja að allt að 60 Íslendingar deyi ótímabærum dauða árlega vegna svifryksmengunar og mörg hundruð glíma við heilsufarsvandamál. Það má rekja allt að 25% af uppsprettu svifryks til nagladekkja,“ segir Kristinn. „Þegar naglarnir sverfa göturnar myndast líka djúp hjólför sem fyllast af vatni og geta skapað slyshættu, auk þess sem tjaran úr malbikinu sest á dekk og minnkar veggrip. Green Diamond dekkinn sverfa vegina hins vegar 14 sinnum minna. Nagladekk eru barn síns tíma.“

Reykjavíkurborg hefur í mörg ár lagt áherslu á þetta í sínum eigin auglýsingum. Fulltrúar Reykjavíkurborgar eru meðal annars að horfa til þess kostnaðar sem borgin stendur frammi fyrir vegna slits á götum vegna naglanna, en sá kostnaður er brot af því heilsufarsvandamáli sem naglarnir valda,“ segir Kristinn. „Naglarnir eru bara tímaskekkja, þannig að þó að það verði löglegt að fara á nagla núna eftir helgi vil ég hvetja sem flesta til að velta því fyrir sér hvort það sé endilega rétt niðurstaða, bæði fyrir þeirra eigið öryggi og fyrir umhverfið.“

Koma vel út í prófunum

„Við eigum próf frá annarri af tveimur stofnunum í heiminum



Bestu vetrardekk sem ég hef ekið á

„Ég hef verið atvinnubílstjóri í 47 ár. Green Diamond dekkinn eru bestu vetrardekk sem ég hef ekið á. Við höfum notað Green Diamond dekkinn í átta ár. Dekkin hafa alveg ótrúlegt grip. Bílarnir skriða aldrei til að aftan, þeir eru eins og negldir við veginn. Það er sama hversu mikið Green Diamond dekkinn slitna, það er alltaf frábært grip í dekkjunum.“

Guðmundur Sigurðsson, eigandi og framkvæmdastjóri ferðabjónustufyrirtækisins GTice.

sem hafa alþjóðlega vottun til að gera samanburðarrannsóknir á dekkjum, VTI (Vej og Teknik Institut), sem er hlíðarfyrtæki við sænsku vegamálastofnunina,“ segir Kristinn. „Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu eru algengustu óhappaskilyrðin hér á höfuðborgarsvæðinu þegar það er blautur ís við frostmark og þau skilyrði voru endursköpuð á rannsóknarstofunni. Green Diamond reyndist hafa 36% meiri virkni í bremsuþrófi en það dekk sem kom næst og 32% meiri virkni í beygjuprófi. Hér skilur milli lífs og dauða.“

Einstakt grip allan líftíma dekkisins fækkar tjónum

„Athuganir sýna að það virðast allt að þrisvar sinnum meiri líkur á að ökumenn á slitnum hjólbörðum valdi árekstri en þeir sem eru á nýlegum hjólbörðum og flestöll dekk byrja strax að missa grip þegar þau slitna,“ segir Kristinn. „Green Diamond dekkinn halda virkninni aftur á móti miklu betur af því að iðnaðardemanturinn er í öllu slitlaginu, en ekki bara efst, og það er sama góða gúmmið í öllu dekkinu. Green

“ Naglarnir eru bara tímaskekkja, þannig að þó að það verði löglegt að fara á nagla núna eftir helgi vil ég hvetja sem flesta til að velta því fyrir sér hvort það sé endilega rétt niðurstaða, bæði fyrir þeirra eigið öryggi og fyrir umhverfið.

Diamond dekkinn geta því fækkað tjónum heilmikið og þannig sparað þjóðarþúinu hluta af þeim kostnaði sem fylgir umferðaróhöppum, en samkvæmt Samgöngustofu er hann áætlaður yfir 30 milljörðum á hverju ári.“

Traustir viðskiptavinir og áhersla á umhverfisvernd

„Það er komin mjög góð reynsla af notkun Green Diamond dekkja hér á landi frá traustum og ábyrgum aðilum og viðskiptavinir eru hæstánægðir,“ segir Kristinn. „Þessi reynsla talar sínu máli og er enn dýrmætari en jákvæðar prófanir.“

Við erum meðal annars í traustu sambandi við Hafnarfjarðarbæ og fleiri sveitarfélög, Ístak og fjölda annarra stóra aðila. Ístak kaupir til dæmis af okkur nálægt 200 dekk á hverju ári. Þessi viðskipti eru eðlilega komin til vegna almennrar ánægju með dekkinn, en einnig sannarlega vegna þeirrar stefnu fyrirtækjanna og stofnananna að stuðla að aukinni sjálfbærni og umhverfisvernd,“ segir Kristinn. „En það er alveg ljóst að forgangsbifreið Björgunar-sveitarinnar á Flúðum væri ekki búin að vera á Green Diamond dekkjum í níu vetur ef þau væru ekki að virka. Ef Green Diamond virkar í uppsveitum Árnassýslu, þá þarf engin nagladekk á suðvesturhorni landsins.“

Í ljósi stöðugt aukinnar umræðu um mikilvægi umhverfisverndar og bættra loftgæða trúum við því að mörg fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög hljóti að skoða til hlítar þann möguleika að setja bifreiðar sínar á umhverfisvæn Green Diamond harðkornadekk,“ segir Kristinn.

“ Í ljósi stöðugt aukinnar umræðu um mikilvægi umhverfisverndar og bættra loftgæða trúum við því að mörg fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög hljóti að skoða til hlítar þann möguleika að setja bifreiðar sínar á umhverfisvæn Green Diamond harðkornadekk.

Stuðlar mjög að sjálfbærni að endurnýta dekk

„Sumum bregður þegar ég nefni að dekkinn séu endursóluð, en það eru þau dekk þar sem belgurinn er endurnýttur og nýr gúmmi-slitflötur settur á. Tækninni í endursólun hefur fleygt fram og gallatíðni er sambærileg við ný dekk, við framleiðsluna er notuð sambærileg tækni og þekkt hvort tveggja hjá Formúlu 1 og í flugvélabransanum,“ segir Kristinn. „Belgurinn sem við notum er líka framleiddur til að vera endurnýttur, en hann er allt að 75% af nýja dekkinu. Við spörum nálægt 100 lítra af jarðefnaeldsneyti á einum dekkjagangi og það er engin spurning að við verðum að endurnýta allt sem við getum. Hvert einasta kolefnisspor skiptir miklu máli og margt smátt gerir eitt stórt. Allir sem fylgjast með umræðunni um loftslags- og umhverfismál hljóta að vera sam-mála mér.“

Eru Green Diamond dekkinn samkeppnishæfi verði?

„Já, þau eru það. Green Diamond dekkinn eru ekki ódýrustu dekkinn á markaðnum, en maður ætti aldrei að gefa afslátt af öryggi og þau eru mjög endingargóð, þannig að þetta eru sannarlega hagstæð kaup,“ segir Kristinn. „Það er vel þess virði að fjárfesta í gæðadekkjum, bæði til að tryggja öryggi, vernda umhverfið og spara umfelgun.“ ■

Nánari upplýsingar má finna á hardkornadekk.is og í síma 611 7799. Einnig má senda póst á info@hardkornadekk.is. Þegar ákvörðun um kaup liggur fyrir er dekkjunum komið á tiltekið dekkjaverkstæði.

Iðnaðardemanturinn í Green Diamond dekkinu er vel sjáanlegur og nær hann gegnum allt slitlag dekkisins. Virknin varir því allan líftíma dekkisins.



NORMANN Úlpa
Fæst í fleiri litum
Stærðir 40-58
Verð kr. 39.980



ZHENZI úlpujakki
Fæst líka í bleiku, beige og ólífugrænu
Stærðir 42-56
Verð kr. 11.990



ZHENZI regnkápa
Fæst líka í bleiku og svörtu
Stærðir 46-58
Verð kr. 14.990



ZHENZI hneppt golla með vösuum
Fæst líka í svörtu og bleiku
Stærðir 42-56
Verð kr. 8.990



SUNDAY opin peysa
Fæst líka í bleiku og svörtu
Stærðir 38-48
Verð kr. 16.980

yesta

yest

no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZÉZE
Nordic

OPHILIA



ZHENZI Pluma pífukjöll
Fæst líka með bleiku mynstri
Stærðir 42-56
Verð kr. 12.990



ZHENZI Misti tunika
Fæst líka í rauðu
Stærðir 42-56
Verð kr. 9.990



ZHENZI Nyree tunika
Fæst líka í bláu
Stærðir 42-56
Verð kr. 9.990



ZHENZI blúndukjöll
Fæst líka í svörtu
Stærðir 42-56
Verð kr. 12.990



IVY BEAU Nevra kjöll
Stærðir 36-48
Verð kr. 12.980

SYBEL

FRANSEN

festival
DENMARK

STUDIO

Tamaris

GOZZIP

Handberg

SANDGAARD

Jana

LASESSOR



ZHENZI Sparileg tunika
Stærðir 42-56
Verð kr. 12.990



ZHENZI Mynstraður bolur
Fæst líka í rauðu
Stærðir 42-56
Verð kr. 8.990



YESTA ANKARI Essential tunika
Stærðir 44-60
Verð kr. 10.980



ES&SY Narjis Síð rúllukragapeysa
Fæst líka í rauðu
Stærðir 36-46
Verð kr. 8.980



3000143
ES&SY Shirley peyskjöll
Stærðir 36-46
Verð kr. 7.980

Verslunin Belladonna



belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Nýjar stjórnur taka hrekkjavökuna

Vinsælir sjónvarpsþættir og kvikmyndir í Bandaríkjunum hafa orðið æ meiri áhrif á hvaða búninga fólk klæðir sig í á hrekkjavökuhátíðinni. Til dæmis hafa búningar úr Squid Game sett met í sölu á Amazon.

elin@frettabladid.is

Hrekkjavökuhátíðin verður haldin um allan heim næsta sunnudag með ýmsum hryllingi og uppákomum. Búningarnir eru alltaf spennandi viðfangsefni og úrvalið er gífurlegt af þeim. En það eru ekki bara Squid Game-búningar sem eru vinsælir. Aðrir þættir og kvikmyndir njóta líka vinsælda. Meira að segja rómantískir þættir á borð við Bridgerton og Gossip Girl hafa áhrif og líka stórmyndir eins og Cruella og Suicide Squad. Úrvalið hefur heldur aldrei verið meira af búningum en framleiðendur segja það vera gjöf til fólks sem hefur gaman af því að leika uppáhaldspersónur sínar á þessum degi.

Hvort sem það er Natasha Romanoff úr Black Widow eða hertoga ynja úr Bridgerton, skólabúningur úr Gossip Girl, húðflúruð Harley Quinn eða hver annar, ekki skortir skemmtilegar búningahugmyndir. Þá hefur Disney sett á markað mikið úrval af alls kyns búningum úr bíómyndum sínum.

Kóresku þættirnir Squid Game sem slegið hafa öll met í áhorfi á

» Kóresku þættirnir Squid Game sem slegið hafa öll met í áhorfi á Netflix eru núna sömuleiðis að slá met í sölu búninga á Amazon.

Netflix eru núna sömuleiðis að slá met í sölu búninga á Amazon. Grænir og rauðir samfestingar sem koma fram í þáttunum eru vinsælastir. Alls kyns grímur og aukahluti er einnig hægt að finna á Amazon, meðal annars þá sem aðalforingi þáttanna ber.

Hrekkjavökubúningar þurfa þó ekkert að vera frá hinu illa. Það má alveg klæða sig krúttlega, hafa húmor fyrir sjálfum sér, vera töffari eða fara bara sínar óhefðbundnu leiðir. Draugar, vampírir og Disney-karakterar eru þó ávallt vinsælir búningar. Síðan má alltaf endurnýta og spara.

Þá mun vera sniðugt að líta til rapparans Lil Nas X sem sífellt kemur á óvart með framkomu sinni í tónlistarmyndböndum eða á Instagram. Hvort sem hann er eins og djöfullinn í myndbandinu Montero eða í bleikum fanga-búningi sem hann klæddist fyrir myndbandið við Industry Babe. ■



Vinsælustu hrekkjavökubúningarnir eru úr hinum vinsælu þáttum Squid Game á Netflix.



Á síðasta ári setti Covid mikið strík í reikninginn á hrekkjavöku um allan heim. Margir vildu þó ekki missa af hátíðinni og skreyttu mikið, eins og myndin sýnir.



Þessi mynd er tekin fyrir nokkrum dögum í Þýskalandi. Myndin er við einkaheimili í Norðurrín-Vestfalíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Það er mikil stemming í Þýskalandi fyrir sunnudeginum. Hjónin Kerstin og David Beck standa fyrir framan húsið sitt þar sem þau hafa byggt hryllingsvölundarhús.



Hryllingurinn tekur á sig ýmsar myndir.



Grasker eru hluti af hrekkjavöku en vonandi þurfa þau ekki að bera grímu á sunnudaginn.



Sumir leggja á sig mikla vinnu við skreytingarnar.



Þessi mynd var tekin fyrir utan heimili í Kanada á hrekkjavöku í fyrra sem var haldin í skugga Covid.

HÁGÆÐA ÍTALSKAR ULLARKÁPUR



CINZIA ROCCA

SKOÐIÐ
LAXDAL.IS

Laxdal er í leiðinni



BERNHARD
LAXDAL

SÍGILD KÁPUBÚÐ

Skippholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2 - 220 Hafnarfjörður - granitsteinar@granitsteinar.is - sími: 5445100



Fílar einfalda liti sem passa við allt

Alexander Óðinn Knudsen heldur mikið upp á tónlistarmanninn Drake sem honum finnst hafa virkilega svalan fatastíl. Uppáhaldsflíkin hans er þriggja ára gömul Moncler-úlpa en verstu kaupin eru gular gallabuxur með Hawaii-blómamynstri sem voru keyptar í algjöru flippi.

starri@frettabladid.is

Alexander Óðinn Knudsen er 18 ára nemandi í vélaverkfræði við Háskóla Íslands. Utan þess spilar hann körfubolta með meistara-flokki KR og U18 ára landsliðinu. „Helstu áhugamál mín eru körfubolti, föt og skór og svo er ég með áhuga á frumkvöðlafræðum og væri til í að gera eitthvað í þeim dúr eftir að körfuboltaferlinum lýkur. Planið í vetur er að vera á fullu í körfunni og æfa og lyfta mikið því ég er aðeins í 60 prósent námi í HÍ.“

Alexander Óðinn sýnir lesendum inn í fataskápinn og svarar nokkrum spurningum.

Hvernig hefur tiskuáhugi þinn þróast undanfarin ár?

Hann hefur þróast en samt ekki gjörbreyst. Eina stóra breytingin er að „skinny jeans“ eru bannaðar. Einnig hef ég lært betur á tisku, hvernig föt fara saman og hvaða flík fer með hverju. Á endanum klæðist ég auðvitað þeim fötum sem ég vil. Auðvitað fylgir maður því sem er í tisku en ég hef alltaf



Alexander klæðist hér ljósblárri Stone Island-hettupeysu sem hann keypti í Húrra Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ
Jólablaðið 2020

JÓLABLAÐ
FRÉTTABLAÐSINS

Föstudaginn 19. nóvember næstkomandi kemur út árlegt Jólablað Fréttablaðsins með fjölbreyttu lesefni um allt sem vert er að vita fyrir undirbúning jólahaldsins.

- Skemmtilegar umfjallanir, greinar og viðtöl koma inn á allar hliðar jólaundirbúningsins.
- Jólavefdir, maturinn, baksturinn, skreytingar og gjafir svo fátt eitt sé nefnt. Hugmyndir að gjöfum fyrir alla aldurshópa.

Nánari upplýsingar um blaðið veita:
Sölu- og markaðsfulltrúar Fréttablaðsins.
Sími: 550-5077 / serblod@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



Hér klæðist Alexander grárri Nike x Drake hettupeysu sem hann keypti á stockx.com.



Stone Island-peysa sem hann keypti í Húrra Reykjavík.

verið þannig að ég kaupi og klæðist fötum sem mér finnst flott. Ef ég sé eitthvað flippað og eitthvað sem ég laðast að þá klæðist ég því, sama hvað öðrum finnst.

Hvernig fylgist þú helst með tiskunni?

Ég fylgist frekar ómeðvitað með tiskunni og hangi til dæmis ekki á tiskusíðum til að skoða sérstaklega hvað er í tisku. En auðvitað sé ég flottu fötin sem allar stjörnur eru í og hvernig föt eru á vefsíðunum núna hjá flottu merkjunum.

Hvar kaupir þú helst fötin þín?

Helst í útlöndum. Ég reyni að forðast að senda föt til landsins vegna aukakostnaðar. Ef ég sé eitthvað rosalega flott á netinu er ég samt alveg tilbúinn í að eyða smá aukalega.

Hvaða litir eru í uppáhaldi?

Það eru helst svört og hvít föt sem eru mjög einfaldir litir sem fara með öllu. En ef ég vil bæta einhverjum alvöru litum í „outfittid“ koma eiginlega flestir litir til greina, fer bara eftir klæðnaði og hvernig skapi ég er í.

Áttu minningar um gömul tiskuslys?

Á fyrstu dögum í fyrsta bekk

mætti ég í röndóttum Polarn O. Pyret náttfötum í skólann. Ég var spurður nokkrum sinnum yfir daginn hvort það væri náttfata-dagur eða hverju ég væri í en það truflaði mig ekkert því ég klæddist þessu með sjálfstrausti.

Hvaða þekkti einstaklingur er svalur þegar kemur að tisku?

Minn maður Drake er alltaf virkilega svalur, hvort sem það eru skórnir, peysurnar, jakkarnir eða buxurnar. Hann virðist bara ná að púlla allt. Svo er það NBA-leikmaðurinn Shai Gilgeous-Alexander sem er mjög flottur enda nýlega valinn sá leikmaður sem er með flottasta fatastilinn í NBA-deildinni.

Hvaða flíkur hefur þú átt lengst og notar enn?

Það eru Jordan 12 „flu game“ skórnir mínir. Ég keypti þá sumarið 2016 þegar ég var nýorðinn þrettán ára og hef átt þá síðan og klæðist þeim enn.

Áttu uppáhaldsverslanir?

Nike er í miklu uppáhaldi hjá mér og ég kaupi meirihluta íþróttafata minna þar. Svo eru það tiskuverslanir eins og Stone Island, Palm Angels, Comme des Garçons og fullt fleiri. Ég kaupi samt ekki

bara dýrar tiskuflíkur heldur nota ég „steal and splurge“ aðferðina. Þá kaupi ég eina flík sem er í dýrari kantinum og svo eru næstu flíkur ódýrari. Hérlandis er uppáhaldsbúðin auðvitað Húrra Reykjavík. Sú búð klikkar aldrei og þar eru alltaf til flott föt.

Áttu eina uppáhaldsflík?

Uppáhaldsflíkin mín er Moncler-úlpan sem ég eignaðist fyrir þremur árum. Hún bregst mér aldrei þegar það er kalt úti og er hvernar krónu virði. Geggjuð flík.

Bestu og verstu fatakaupin?

Bestu kaupin mín eru líklega úlpan mín og svo Stone Island-jakkinn sem heldur mér alltaf þurrum í þessu týpiska íslenska blautu veðri. Verstu kaupin eru líklega gular gallabuxur með Hawaii-blómamynstri sem voru keyptar í algjöru flippi.

Notar þú fylgihluti?

Eina sem ég nota eru eyrna-lokkar.

Eyðir þú miklum peningum í föt miðað við jafnaldra þína?

Ég reyni að eyða innan skynsemismarkna en miðað við vini mína þá eyði ég örugglega slatta í föt, samt ekkert klikkað mikið. ■

SIR ARNAR GAUTI

LÍFSSTÍLSÞÁTTUR



Fimmtudaga
kl. 20.00!

SIR ARNAR GAUTI

Lífsstílsfrömuðurinn Arnar Gauti snýr aftur með sína þriðju þáttaröð af þessum geysivinsæla lífsstílsþætti.

Fylgstu með alla fimmtudaga kl. 20.00, bara á Hringbraut.



HRINGBRAUT

Bílar & Farartæki



PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppbodsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

+++ EÐALVERK +++

- Hellulagnir
- Grjóthleðsla
- Húsviðgerðir
- Þak
- Gluggaskipti
- Múr
- Málningavinna
- Steinsögun

Fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu í verkíð í síma 786-3211 eða sendu okkur póst á verk@edalverk.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi-vinnuherbergi til leigu. ca. 10 fm, í Skútuvogi. Uppl. í s. 864 1219.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Námskeið

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í MÍR salnum á Hverfisgötu 105. Þar getum við boðið nemendum að halda fjarlægðarmörk vegna Covid19 og aldrei fleiri en 10 í hverjum hóp. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu er Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er upp á byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið:

Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30

Mánudaga og miðvikudaga: 17:00 - 18:30

Mánudaga og miðvikudaga: 18:45 - 20:15

Þriðjudaga og fimmtudaga 13:00 - 14:30

Framhaldsnámskeið spænska II:

Þriðjudaga og fimmtudaga 09:00 - 10:30

Framhaldsnámskeið spænska IV:

Mánudaga og miðvikudaga: 13:00 - 14:30

Framhaldsnámskeið spænska V:

Þriðjudaga og fimmtudaga 11:00 - 12:30

Þjóðum einnig upp á einkatíma.



Námskeiðin hefjast 1. nóv. og 2. nóv., lýkur fimmtudaginn 25. nóv. Verð á mann er 35.000 krónur.

Upplýsingar í síma 790 5033 eða spanskuskolinnhablame@gmail.com

Facebook: Spænskuskólinn Háblame
Instagram: spanskuskolinn_hablame

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

LED leiðiskrossar

- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagn.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

Ferðaðþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaðþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Geymsluskúrar / gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og búrústál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl.; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

EYJALIND Varahlutir í lyftara

- Toyota
- Hyster
- Yale
- Jungheinrich
- Ofi.

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

gott cbd

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S:566 6000 • Smíðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Fyrirverandi framkvæmdastjóri ÍR ákærður

Tekin verður fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag ákæra héraðssaksóknara á hendur, Árna Birgissyni, fyrirverandi framkvæmdastjóra ÍR, en hann er ákærður fyrir fjárdrátt og umboðssvik í starfi.

hjoarvaro@frettabladid.is

DÓMSMÁL Árni Birgisson, fyrirverandi framkvæmdastjóri ÍR, er sakaður um fjárdrátt með því að hafa í starfi sínu dregið sér samtals 3.161.632 krónur af fjármunum félagsins í fimmtán tilvikum á árunum 2018 og 2019 en mál hans verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Það á framkvæmdastjórinn fyrirverandi að hafa gert með greiðslu reikninga í eigin þágu og millifærslum út af bankareikningi félagsins inn á bankareikning sinn.

Þá er Árni einnig ákærður fyrir umboðssvik á árinu 2019, með því að hafa misnotað aðstöðu sína sem framkvæmdastjóri ÍR til að skuldbinda félagið, þegar hann notaði kreditkort félagsins í alls 28 skipti í heimildarleysi til kaupa á vörum og þjónustu til eigin nota, og eftir atvikum í þágu annarra fyrir samtals 1.558.919 krónur.

Fjárhæðirnar voru síðar skuldfærðar af bankareikningi félagsins en kreditkortid hafði ákærð fengið frá ÍR vegna starfa sinna sem framkvæmdastjóri félagsins og var honum ætlað að greiða með því tilfallandi útgjöld tengd starfsemi



Árni starfaði sem framkvæmdastjóri ÍR frá 2018-19 en var áður í trúnaðarstarfi fyrir félagið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

þess. Framangreind notkun kortsins var samkvæmt ákærinni án heimilda og ótengd störfum Árna fyrir félagið.

Aðalstjórn ÍR samþykkti á fundi sínum þann 6. febrúar 2020 að fela Jóhannesi Bjarna Björnssyni, hæstaréttarlögmanni hjá Landslögum, að leggja fram kærú á hendur fyrirverandi framkvæmdastjóra félagsins, vegna ætlaðrar misnotkunar á reikningum og fjármunum félagsins.

Stjórn félagsins hafði í aðdraganda þess stjórnarfundar rannsakað fjárreiður félagsins vegna gruns um misferli. Grunurinn vaknaði í byrjun vetrar og eftir fyrstu skoðun stjórnar félagsins á fjárreiðum framkvæmdastjóra í nóvember 2019 var haldinn fundur með Árna þann 15. nóvember 2019.

Árni lét þegar af störfum án uppsagnarfrests og án frekari réttar til launa. Var jafnframt lokað fyrir

aðgang hans að reikningum og bókhaldi félagsins.

„Nánari yfirferð stjórnar yfir reikninga félagsins leiddi til þess að [í ljós kom að] framkvæmdastjóri félagsins hafði á starfstíma sínum frá 1. október 2018 til starfsloka þann 15. nóvember 2019 með óheimilum hætti tekið rúmar 6 milljónir króna af fjármunum félagsins. Í nóvember, desember og janúar greiddi framkvæmdastjór-



Alls eru 43 tilvik þar sem Árni er grunaður um fjárdrátt í ákærinni.

inn til baka þá fjármuni sem teknir voru án heimildar," segir í yfirlýsingu aðalstjórnar ÍR sem send var út í byrjun febrúar í fyrra.

„Við yfirferð stjórnarmanna ÍR yfir fjárreiður og meðferð reikninga, kom einnig í ljós að framkvæmdastjórinn virtist hafa notað reikninga félagsins í eigin þágu, þegar hann gegndi öðrum trúnaðarstörfum á vegum ÍR, á tímabilinu 2014 til 2019. Leitað hefur verið skýringa á þessum millifærslum, sem nema röskum tíu milljónum króna og var sú rannsókn sett í hendur lögreglu.

Aðalstjórn mun einnig áfram vinna í því að fá skýringar á greiðslum sem fóru af reikningum félagsins eða einstakra deilda til fyrrum framkvæmdastjóra og krefjast endurgreiðslu á þeim fjármunum sem áttu að renna til ÍR," segir enn fremur í yfirlýsingunni frá ÍR. ■

KENSINGTON

OKKAR ALLRA BESTU

VINNU-/SMÍÐABUXUR

Vinnufatnaður sem fagmennirnir velja

HH[®]
workwear

ALIVE
SINCE / 1877



Sérstakt kynningarverð í dag
fimmtudaginn 28. október frá kl. 08:00 – 17:00

VINNUBUXUR
SERVICE PANTS
Kynningarverð kr. 24.795.-

SMÍÐABUXUR
Kynningarverð kr. 28.267.-

Svart HH Workwear belti fylgir hverjum keyptum buxum á meðan birgðir endast.

KOMDU
OG MÁTAÐU


10% afsláttur af öllum vörum í verslun
aðeins í dag að Dalvegi 32a
Léttar veitingar í allan dag

RUBIX

DALVEGI 32a
201 KÓPAVOGI
S. 522 6262
IS.RUBIX.COM

Merkisatburðir

- 1848** Dómkirkjan í Reykjavík er vígð eftir gagngera endurbýggingu kirkjunnar.
- 1868** Thomas Alva Edison sækir um fyrsta einkaleyfi sitt, vegna kosningavélar sem hann hafði fundið upp.
- 1886** Frelsisstytta (Liberty Enlightening the World) afhjúpuð á Liberty Island í New York-borg.
- 1929** Dow Jones-vísitala kauphallarinnar í New York fellur um tæp 13 prósent.
- 1962** Sovéttmenn lýsa því yfir að eldflaugar verði fjarlægðar frá Kúbu.
- 1971** Breska þingið samþykkir aðild Bretlands að Evrópska efnahagsbandalaginu. Landið gerist síðan aðili að innri markaði Evrópu í ársbyrjun 1973.
- 1987** Þáttur **Hermanns Gunnarssonar**, Á tali hjá Hemma Gunn, hefur göngu sína í Sjónvarpinu.
- 2004** Samráð olíufélaganna á Íslandi: Samkeppniseftirlitið dæmir fjögur íslensk olíufélög til hárra sekta fyrir ólöglegt samráð.



Katrín hefur stundað doktorsnám í feminískum þýðingafræðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Orð eru margræð og flókin

Katrín Harðardóttir útskýrir fræðilegan grunn feminískrar þýðingafræði í Þjóðminjasafninu í dag.

arnartomas@frettabladid.is

Í dag fer fram fyrirlestur í Þjóðminjasafni Íslands undir yfirskriftinni „Hvað getur feminismi gert fyrir þýðingar?“. Þar mun Katrín Harðardóttir, bókmennta- og nytjaþýðandi, snerta á fræðilegum grunni feminískrar þýðingafræði og skoða hvernig mismunur í þýðingum öðlaðist auk þau brautargengi á seinni hluta síðustu aldar. Viðfangsefnið byggir að stórum hluta á kenningum franska heimspekingsins Jacques Derida.

„Ég ætla að segja frá því hvernig Derida tengir þýðingar við heimspeki og þá hvernig þýðingar hjálpa til við að afbyggja merkingu orða,“ segir Katrín sem útskýrir að við þýðingu komi í ljós að merking orða sé ekki stöðug og einhlit. „Orð eru margræð og flókin. Þegar þessar hugmyndafræðilegu síffar tengjast svo hugmyndum Simone de Beauvoir

”

Þegar við horfum á mismun í stað til dæmis jafngildis þarf að taka ákvörðun um hvað virki í tilteknu samhengi, það er engin forskrift.

um annarleikann verður afraksturinn mjög frjótt samstarf þvert á landamæri sem ekki sér fyrir endann á.“

Engin forskrift

Mismunur í þýðingum er þó ólíkur eftir því hvers eðlis þær eru, og Katrín veit af eigin reynslu að hann hefur ólík áhrif á nytja- og bókmenntalegar þýðingar.

„Þegar við horfum á mismun í stað til dæmis jafngildis þarf að taka ákvörðun um hvað virki í tilteknu samhengi, það er engin forskrift,“ segir hún. „Í bókmenntalegum þýðingum gefur mismunurinn því færi á leik með tungumálið, en í nytjaþýðingum er nú oftast en ekki tekið mið af menningarlegum og kynbundnum mismun.“

Katrín, sem hefur unnið við þýðingar úr ensku og spænsku, segir að það skipti ekki höfuðmáli hvaða frummál sé unnið með þegar hugað er að mismuninum.

„Þegar öllu er á botninn hvolft eru bæði málin dásamlega ólík íslenskunni, og þar sem ég þýði bara heim til mín, þá er ég yfirleitt uppteknust af því að koma því vel til skila,“ segir hún. „Annars er það svo skritið að þegar maður hefur hræst svoltið á milli mála er eins og heilinn sé ekkert að þæla í því sem ber á milli, þetta verður allt einhvern veginn sama málið. Ætli það sé ekki þess vegna sem ég er svona upptekin af þessum blessaða mismun.“

Fyrirlesturinn hefst klukkan 12 í fyrirlestarasal Þjóðminjasafnsins og er aðgangur ókeypis. ■

Þetta gerðist 28. október 1962

Sovétríkin heita því að eldflaugar verði fluttar burt frá Kúbu

arnartomas@frettabladid.is

Kúbudeilan hófst 16. október 1962 þegar Sovétríkin samþykktu beiðni Kúbu um að koma þar fyrir kjarnorkuskeytum undir því yfirskriftinni að sporna gegn mögulegri innrás Bandaríkjanna á eyjunni. Þetta var svar Sovétríkjanna sem sáu ógn í því að Bandaríkin höfðu skömmu áður komið eldflaugum til Ítalíu og Tyrklands.

Á sama tíma stóðu forsetakosningar yfir í Bandaríkjunum þar sem talsmenn Hvíta hússins neituðu stöðugt að sovéskar eldflaugar væru einungis 140 kílómetrum sunnan við Flórída. John F. Kennedy Bandaríkjaforseti var staðráðinn í að koma flaugunum frá Kúbu og fundaði með helstu ráðamönnum sínum í nokkra daga um hvað skyldi aðhafast, hvort heldur með árásum, viðræðum eða öðrum leiðum.

Að lokum settu Bandaríkin hafnbann á Kúbu 24. október. Nokkru



Sovéska flutningaskipið Anosov með átta eldflaugar um borð á leið frá Kúbu.

síðar nálguðust sovéska flutningaskip þau mörk sem Bandaríkin höfðu sett og heimsbyggðin bjó sig undir að hugsanlegt kjarnorkustríð væri í þann mund að hefjast. Það gerðist þó ekki en Kennedy fékk bréf frá Sovétríkjunum sem sögðust reiðubúin að fjarlægja eldflaugarnar ef Bandaríkin

aflétu hafnbanninu og hétu því að ráðast ekki á Kúbu auk þess sem að sprengjurnar á Tyrklandi yrðu fjarlægðar. Eftir nokkrar málalengingar samþykktu Bandaríkjamenn kröfur Sovétríkjanna sem lýstu því yfir 28. október að sprengjurnar á Kúbu yrðu fjarlægðar. ■



+

Elskulegur faðir minn, afi og langafi,
Jón Valgeir Stefánsson
lést að heimili sínu í Kaupmannahöfn 21.10.2021. Útförin verður auglýst síðar.

Valborg Valgeirsdóttir
Orri Dór Guðnason
Ivar Dór, Silja Sól, Darri Dór og Eik Embla



+

Elskulegur tengdafaðir, afi og langafi,
Benedikt Antonsson
sem lést þann 14. október síðastliðinn verður jarðsunninn frá Seltjarnneskirkju mánudaginn 1. nóvember kl. 13.00.

Eva María Gunnarsdóttir
David Benedikt Gíslason
Maria Gísladóttir
Brynhildur Þorgeirsdóttir
Einar Kristinn Hjaltsted
Eva Björk, Hrefna María, Þorgeir Bjarki,
Anna Lára, Hrafnhildur, Karólína,
Benedikt Arnar, Katrín Eva og Ari Gísl.



+

Hjartans þakki til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall okkar ástkæru

Álfur Gunnlaugsson
prófessors og rithöfundar.

Bjarki Kaikumo
Gylfi Gunnlaugsson
Ólafur Gunnlaugsson
Ragnhildur Hannesdóttir
Margrét Ingimarsdóttir



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Birna Sesselja Frimannsdóttir
áður kennari á Hvolsvelli og í Hveragerði,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði laugardaginn 23. október sl. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 3. nóvember kl. 13.00.

Matthias, Ragnheiður, Málfríður Klara og Kolbrún Kristiansen, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyrningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Við höfum opnað nýja ver slun
á Laugavegi 7



HEIMILI ÍSLENSKRAR HÖNNUNAR

www.epal.is



Chrisline ljósasería

Með 50 LED perum. Fæst með hlýlegum hvítum og marglitum LED perum. Svört. Heildarlengd 5,2 m. Hægt að framlengja með öðrum úr Chrisline-seríunni allt að 100 m eða 2.500 LED perur. 230V. IP44- vottun til notkunar utanhúss. MIKILVÆGT: Þarf startkapal sem er seldur sér!

3.995.-

100 LED ljós. Fæst í hlýlega hvítum. Lengd 10,3 m. MIKILVÆGT: Þarf startkapal sem er seldur sér 6.995.-

Chrisline ljósanet

Með 100 hlýlega hvítum LED-perum. 2 x 1,7 m. Svört. Hægt er að framlengja með öðrum úr Chrisline-seríunni í allt að 100 m eða 2.500 LED-perur. 230V. IP44- vottun til notkunar utanhúss. MIKILVÆGT: Þarf startkapal sem er seldur sér!

9.995.-

Chrisline grýlukertasería

Með 100 hlýlega hvítum LED-perum. Heildarlengd 2 x 0,6 m. Er hægt að framlengja með öðrum úr Chrisline-seríunni allt að 100 m eða 2.500 LED-perur. Svört. 230V. IP44- vottun til notkunar utanhúss. MIKILVÆGT: Þarf startkapal sem er seldur sér!

7.995.-

Chrisline skrautflétta úr grenikönglum

Með 100 hlýlega hvítum LED-perum. Heildarlengd 5 m. Græn. Er hægt er að framlengja með öðrum úr Chrisline-seríunni í allt að 100 m eða 2.500 LED-perur. 230V. IP44- vottun til notkunar utanhúss. MIKILVÆGT: Þarf startkapal sem er seldur sér!

11.995.-

Aukahlutir fyrir Chrisline seríur

Chrisline startkapall. Til að festa saman ljósaseríur með samtals 2500 LED perum eða samtals lengd uppá 100 m. Lengd 1,5 m.

1.995.-

Framlengingarsnúra. 5 m 2.995.-
 Framlengingarsnúra. 10 m 4.995.-
 Chrisline fjöltengi. Þv. 11 cm. 5 innstungur. 1.995.-
 Chrisline t-tengi 1.495.-



MÁNUDAGA-FÖSTUDAGA KL. 8:00-19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00-18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00-18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800

Verð gildir frá fimmtudeginum 21. október til og með fimmtudeginum 6. janúar 2022 á meðan birgðir endast.



1.995.-

Ljósatré 120

Með 72 LED-perum. Hæð 120 cm.
IP44- vottun til notkunar utanhúss.



1.995.-

LED ljósatré 110

Með 50 antíkhvítum LED perum. Hæð 110 cm.
Með spjóti. Með tvöföldum tímastíli. IP44-
vottun til notkunar utanhúss.



2.995.-

LED ljósatré

3 stk. Með 72 LED-perum. Hæð 70 cm.
IP44- vottun til notkunar utanhúss.



Ljósatré 120

Með 80 hlýlegum hvítum LED-perum. Hæð 120 cm. Með spjóti. Notar 3 x AA rafhlöður, sem fylgja ekki með. Með tvöföldum tímastíli. IP44- vottun til notkunar utanhúss.

1.995.-



BAUHAUS®



KAEMINGK

Season Decorations

Snjókarl

á skíðum úr akrýlefni

Með 200 hvítum LED perum. Hæð 85 cm. IP44- vottun til notkunar

utanhúss.

39.995.-



GEFÐU
GJAFAKORT
EITT MESTA
VÖRUÚRVAL LANDSINS

KONST
SMIDE

Akrýlefni snjókarl

Með 88 hvítum LED perum.

Hæð 55 cm. IP44-vottað, til

notkunar utanhúss.

Hæð 90 cm.....22.995.-

9.995.-



VEJLINE
DENMARK

Hvítir fuglar úr akrýlefni

5 stk. Með 40 hvítum LED- perum.

Hæð 12,5 cm. IP44- vottun til notkunar

utanhúss.

5.495.-



KONST
SMIDE

Mörgæsaungasett úr akrýlefni

5 stk. Með 40 hvítum LED-perum. Hæð

12,5 cm. IP44- vottun til notkunar utanhúss.

5.495.-

MÁNUDAGA-FÖSTUDAGA KL. 8:00-19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00-18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00-18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800

Verð gildir frá fimmtudeginum 21. október til og með fimmtudeginum 6. janúar 2022 á meðan birgðir endast.



KONST SMIDE

Íkornasett úr akrýlefní
5 stk. Með 40 hvítum LED-perum.
Hæð 12 cm. IP44- vottun til
notkunar utanhúss.

5.495.-



KONST SMIDE

Ísbjarnasett úr akrýlefní
5 stk. Með 40 hvítum LED-perum.
Hæð 7 - 9 cm. IP44- vottun til
notkunar utanhúss.

5.495.-



KONST SMIDE

Rauðir smáfuglar úr akrýlefní
5 stk. Með 40 hvítum LED-perum. Hæð 12 cm. IP44- vottun til
notkunar utanhúss.

5.495.-



KONST SMIDE

Fuglasett úr akrýlefní
5 stk. Með 40 hvítum LED-perum. Hæð
12 cm. IP44- vottun til notkunar utanhúss.

5.495.-




KONST SMIDE

Sykurstafir úr akrýlefní
5 stk. Með 80 hvítum LED-perum. Hæð 43 cm. IP44-
vottun til notkunar utanhúss.

9.995.-

Veðurspá Fimmtudagur



Austan og norð-austan 5-13 í dag, en 10-18 norðvestan til. Víða rigning með köflum, en úrkomulitið um suðvestanvert landið. Hvessir heldur í kvöld. Hiti 1 til 8 stig, mildast syðst. ■

Skák Gunnar Björnsson



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 dáð
- 5 brott
- 6 óður
- 8 holdsveiki
- 10 ryk
- 11 starfsgrein
- 12 ljómi
- 13 skrapaði
- 15 næstum
- 17 kvk. nafn

LÓÐRÉTT

- 1 fyrirgefning
- 2 frjáls
- 3 rönd
- 4 ásakaði
- 7 skordýr
- 9 dekk
- 12 stara
- 14 mak
- 16 stöðugt

1	2	3	4	
5			6	7
8			9	
10			11	
		12		
13	14			
15				16
	17			

LÁRÉTT: 1 afrek, 5 frá, 6 ær, 8 líkþrá, 10 ar, 11 íhn, 12 gítt, 13 skóf, 15 nánast, 17 marla.
LÓÐRÉTT: 1 aflausn, 2 frí, 3 rák, 4 kærði, 7 rán-títa, 9 pílfar, 12 gona, 14 kam, 16 sl.

Amanov átti leik gegn Aahneev í Sovétríkjunum sálugu árið 1981.

1...Hxe3! 2. fxe3 Df2+ 3. Kh1 Be5 4. Dg4 h5 5. De2 Dg3 0-1. Hjörvar Steinn Grétarsson gerði jafntefli gegn úkraínska stórmeistararum Andrei Volokitin í fyrstu umferð FIDE Grand Swiss-mótsins í Ríga í gær. Önnur umferð fer fram í dag og hefst klukkan 11.
www.skak.is: Hjörvar í Ríga. ■

Auglýsing um Skipulagsmál í Skaftárhreppi.



Samkvæmt 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Deiliskipulagsbreyting.

Íbúðabyggð við Læknisbústað, Kirkjubæjarklaustri.

Gerð er breyting á deiliskipulagi Læknisbústaðar sem samþykkt var 19.12.2019 og felur breytingin í sér að breyta tveimur einbýlishúsalóðum í tvær fjölbýlishúsalóðir og 3ja íbúða raðhúsalóð í 4ja íbúða raðhúsalóð. Skortur er á minna húsnæði á Kirkjubæjarklaustri sbr. húsnæðisáætlun Skaftárhrepps. Að öðru leyti gilda skilmálar úr gildandi skipulagi.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu Skaftárhrepps, frá og með fimmtudeginum 28.október til og með 9.desember 2021. Tillögurnar eru einnig til sýnis á heimasíðu Skaftárhrepps, www.klaustur.is.

Skila skal skriflegum athugasemdum á netfangið: bygg@klaustur.is eða beint á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri.

Skipulagsfulltrúi Skaftárhrepps

Sudoku

3		9			2			
				7	5	6	9	
	5		8		4			7
	9	3	4		8			5
4	8	1			3			9
		7		6		3	4	
		8	5					
	3		1		9		5	
1				8				

				7	3			
7			6				9	4
		1		4				6
	4		2	5			8	
6						9	5	
		5	3		9			
			7					
			8				4	
5	6					2		1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



Auglýsing um niðurstöðu sveitarstjórnar vegna breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025

Þjóðlenda innan staðarmarka Hafnarfjarðar

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 1. apríl 2020 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2015 -2025 Tillagan var auglýst frá 7. febrúar - 20. mars 2020. Athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar.

Reykjanesbraut, tvöföldun aðalskipulagsbreyting

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 13. október 2021 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2015 -2025

Tillagan var auglýst frá 9. júlí - 23. ágúst 2021. Athugasemdir bárust og voru gerðar breytingar á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar.

Skipulagsfulltrúinn í Hafnarfirði

hafnarfjordur.is



Algjörlega á minni hillu í glæpunum

Launsátur er ný glæpasaga eftir Jónínu Leósdóttur, en þar kynnir hún til leiks nýjar aðalpersónur sínar.

kolbrunb@frettabladid.is

„Þetta er saga þar sem fyrrverandi hjón eru í forgrunni, sálfræðingurinn Adam og rannsóknarlögreglu-konan Soffía. Þau gætu varla verið ólíkari, hún er dálítið óheflaður dugnaðarforkur sem veður áfram beint af augum en hann er óskaplega penn og prúður og fremur ferkantaður Breti. Þau verða þó að stilla saman strengi því Soffía þarf á hjálp Adams að halda við lausn dularfulls máls og það er honum fjárhagslega í hag að aðstoða lög-regluna,“ segir Jónína.

Um hið dularfulla mál sem þau reyna að leysa segir hún: „Gátan er flókin og fátt um vísbendingar. Einnhver eða einhverjir gera sér leik að því að stinga saumnálum í ávexti sem eru til sölu í miðborginni og síðan koma nalar í ljós á fleiri stöðum þar sem hver sem er gæti meitt sig á þeim. Í fyrstu virðast glæpirnir sem sagt ekki beinast að neinum sérstökum fórnarlömbum.

Soffía er ópolinnmód og vill að Adam skilgreini snarlega hvað búi að baki þessum atilögum að lífi og heilsu almennra borgara. En hann er samviskusamur og þarf að sanka að sér frekari upplýsingum og á meðan fjölgar atvikunum, ekki sist eftir að málið vekur athygli á samfélagsmiðlum. Þar að auki hefur Adam ýmislegt annað á sinni könnu sem Soffía veit ekki um.“

Lífi Covid

Sagan gerist á Covid-tímum, eins og lesandinn er rækilega minntur á. „Ég var að vinna allt aðra sögu sem ég ákvað að leggja til hliðar af því að mig langaði til að skrifa bók þar sem heimsfaraldurinn litaði líf persónanna, eins og hann hefur litað líf okkar allra undanfarin tvö ár. Allar mínar bækur eru samtímasögur og mér fannst ekki ganga upp að vera með söguþráð þar sem Covid-19 væri víðsfjarri.

Það reyndist auðveldast að skrifa nýja skáldsögu frá grunni og þar kom faraldurinn mér að vissu leyti til hjálpar. Ég hef einangrað mig mikið vegna þess að ég er með mjög léleg lungu og laskað ónæmiskerfi. Þess vegna var titið



Allar mínar bækur eru samtímasögur, segir Jónína Leósdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGVARI

annað við að vera og ég gat skrifað sjö daga í viku, á milli þess sem ég fór í göngutúra, horfði á Netflix og spilaði Scrabble við konuna mína.“

Nokkurs konar framhjáald

Spurð hvort þessi bók sé sjálfstæð eða fleiri sögur séu væntanlegar um hjónin fyrrverandi segir Jónína: „Ég er alltaf hálfhrædd við að storka örlögum með því að tala fjálglega um skrif í framtíðinni en ég stefni að þrileik. Sjö, níu, þrettán og allt það.

Ég hef reynt að halda mig við sömu aðalpersónur í nokkur skipti og mér hefur fundist það gaman, ég skrifaði þrileik fyrir ungmenni og svo urðu bækurnar um Eddu fimm talsins. En ánægjan er auðvitað háð því að þetta sé skemmtilegt fólk og í augnablikinu er ég afskaplega skotin í Adam og Soffiu og rafmögnum sambandi þeirra.

Kannski hefur þetta þó líka galla því persónurnar verða vinir mínir og samstarfsfélagar og þá getur verið erfitt að snúa sér að öðrum. Það er nokkurs konar framhjáald. Núna líður mér til dæmis eins og ég sé að halda fram hjá Eddu.“



Ég er alltaf hálfhrædd við að storka örlögum með því að tala fjálglega um skrif í framtíðinni en ég stefni að þrileik.

Ekki sagt skilið við Eddu

Þegar hún er spurð hvað heilli hana við glæpasögur kemur óvænt svar: „Þetta hljómar kannski skringilega en ég hef engan sérstakan áhuga á glæpum og átti mér ekki þann draum að skrifa glæpasögur. En mér finnst mjög spennandi að þæla í liðan fólks og glæpum fylgja óneitanlega áhugaverðar tilfinningar hjá gerendum, fórnarlömbum og rannsakendum. Allt litrófið er undir. Ég reyndist þess vegna algjörlega á minni hillu í glæpunum, merkilegt nokk.“

Hefur hún sagt algjörlega skilið við eftirlaunabegann Eddu sem hún hefur skrifað vinsælar bækur um? „Nei, ég hef ekki sagt alveg skilið við Eddu. Hún hnippir reglulega í mig og vill fá að komast á kreik og ég er áhugasöm um að eiga aftur samstarf við hana. Edda er týpan sem ég vildi svo gjarnan vera en verð aldrei, þessi sjálfsöruggi og kjaftfori töffari. Ég er meiri Adam en Edda. En við löðumst oft frekar að andstæðum okkar en fólk sem við líkjumst og með Eddu fæ ég útrás fyrir ýmislegt sem ég myndi aldrei þora að segja eða gera í raunveruleikanum. Hún verður þó að biða aðeins lengur.“ ■



Jess Gillam saxófónleikari.

Jess Gillam og Prokofiev í Hörpu

kolbrunb@frettabladid.is

Saxófónleikarinn Jess Gillam leikur með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum í kvöld, 28. október, í Hörpu

Jess Gillam hefur vakið fádæma hrifningu tónlistarunnenda undanfarin ár. Þrátt fyrir að vera aðeins tuttugu og þriggja ára gömul hefur hún þegar komið fram með fjölda hljómsveita. Hún hlaut Classical BRIT-verðlaunin árið 2018 og kom meðal annars fram á hinum frægu Last Night of the Proms-tónleikum sama ár við frábærar viðtökur.

Jess Gillam hefur gefið út tvo geisladiska hjá Decca, Rise og Time, og fóru báðir beint í efsta sæti klassíska vinsældalistans í Bretlandi. Hún hefur einnig framleitt útvarpsþætti um klassíska tónlist og er yngsti dagskrárgerðarmaður sem starfað hefur hjá BBC Radio3.

Þetta er í fyrsta sinn sem hún kemur fram á Íslandi. Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar leikur hún fantasíu Villa-Lobos fyrir saxófón og hljómsveit en einnig síðrómantískan konsert Glazúnovs.

Þá flytur hljómsveitin sínfóníu nr. 5 eftir Sergej Prokofiev undir stjórn bandaríska hljómsveitarstjórans Ryan Bancroft. Hann stal senunni í Malko-hljómsveitarstjórakeppinni árið 2018, þar sem bæði fyrstu verðlaun og áheyrendaverðlaun féllu honum í skaut. Bancroft er aðalstjórnandi Þjóðarhljómsveitar BBC í Wales, og tónleikarynir The Guardian sagði nýverið að sem stjórnandi hefði hann „bæði kraft og þokka“ og að túlkun hans hefði verið „ótrúlega áhrifarík og fögur“. Tónleikarnir hefjast á kraftmiklum forleik eftir Doreen Carwithen sem var afkastamikil breskt tónskáld um miðja 20. öld, samdi tónlist við um 30 kvikmyndir auk hljómsveitarverka og kammertónlistar. ■

Grunuð um orðagræsku

BÆKUR

Systu megin, leiksaga

Steinunn Sigurðardóttir

Fjöldi síðna: 181

Útgefandi: Mál og menning

Kristján Jóhann Jónsson

Titill bókarinnar er tvíbetur. Hann vísar til þess að saga Systu gerist öðrum megin í hinni efna-hagslegu veröld, þó að fortíð hennar hafi verið hinum megin, en jafnframt til þess afsl sem Systa býr yfir. „Megin“ merkir líka „afl“ eins og við munum. Þessi tvöfalda merking nýtur sín vel í verkinu. Systa þarf á miklu þreki að halda til þess að lifa af sín megin í veröldinni.

Undirtitillinn leiksaga vísar til þess að verkið tekur sér stöðu í tveimur bókmenntagreinum, skáldsögu og leikriti, en skiptin þar á milli eru fumlaus og edlileg. Ljóðagerð bregður einnig fyrir. Textinn skilur skýrt á milli ríkidæmis og fátæktar, nisku og örlætis. Að sjálf-sögðu fylgir niskan ríkidæminu en örlætið fátæktinni. Systa á sér bróð-

ur. Hann er samkynhneigður og dálítill væluskjóða, öfugt við Systu sem er hörkutól. Foreldrar þeirra eru ólík, móðirin er nirfill og fauti en faðirinn bliðlyndur sjómaður. Þau eiga ekkert sameiginlegt nema þessi tvö börn. Hann reynir allt sem hann getur til þess að hlúa að þeim „hafði bæði bókmenntasmekk og hómur þegar hann var í landi“, eins og segir í sögunni, meðan móðirin er ekkert nema fólkskan. Á sögutím-anum hafa systkinin brotist undan illu valdi hennar, hvort á sinn hátt. Þau eru bæði flutt að heiman og upplýsingar um fortíðina koma fram í endurlitum.

Útigangskonan Systa er aðalpersóna og þungamiðja sögunnar. Hún er bláfátæk en dregur fram lífið með eljusemi og dugnaði í forríku samfélagi. Heimar ríkra og fátækra eru gjörólíkir og þar vill tíminn tengja sig við Steinunni. Undanfar-in ár hefur það margsinis komið fram hve mjög bilið breikkar milli fátækra og ríkra.

Saga Systu er hetjusaga, staðsett í umhverfi sem heimurinn fyrir lítur öðru meira um þessar mundir, það er í fátækt. Stíllinn sækir í þjóð-



sögur og hetjusögur á ýmsan hátt, nefna mætti til dæmis hve algengt það er að setja sögnina fremst í setningar. Fyrir því er löng hefð í þjóðsögum sem enda með sigri. Mikil rækt er lögð við tungutakið á sögunni. Það rennur í sinum far-



Saga Systu er hetjusaga, staðsett í umhverfi sem heimurinn fyrir lítur öðru meira um þessar mundir, það er í fátækt.

vegi eins og tær lækur sem þarf ekki að sanna neitt, er bara fagur. Öðru hverju fljóta með stórskemmtileg orð. Þegar Systa kemur með tví-ræða athugasemd grunar bróðir hennar hana um „orðagræsku“ sem er náttúrulega dásamlegt nýyrði. Systa saknar þess mest úr fyrra lífi að fá ekki lambalæri með tilheyr-andi meðlæti. Bróðir hennar færir henni stöku sinnum kaldar kjöt-sneidar vegna þess að hann veit um þennan „læristrega“! Læristregi er fallett orð og gott að eiga heiti yfir þessa tilfinningu!

Systu megin einkennist af ferskleika í hugsun eins og oft hefur áður sést í verkum Steinunnar. Andstæður í leiksögunni Systu megin eru sterkar og tengjast málefnum dagsins. Bæði tekjuskiptingu og kynjaumræðu. Það er frumlegt að blanda saman bókmenntagreinum og bókin er bráðskemmtileg! ■

NIÐURSTAÐA: Launfyndið og skemmtilegt skáldverk sem leikur sér að bókmenntaformi og atast í klisjukennndri hugsun. Steinunni Sigurðardóttur er einkar vel lagið að hrísta upp í trénaðri orðræðu.

Metsölulisti

Vikuna 20.-26. október



1 Úti
Ragnar Jónasson




2 Allir fuglar fljúga í ljósið
Auður Jónsdóttir



3 Bærinn brennur
Þórunn Jarla Valdímarsdóttir



4 Stúlka, kona, annað
Bernardine Evaristo



5 Kynjadýr í Buckinghamhöll
David Walliams



6 Horfnar
Stefán Máni




7 Bréfið
Kathryn Hughes



8 Systu megin - leiksaga
Steinunn Sigurðardóttir



9 Bannað að eyðileggja
Gunnar Helgason



10 Fagurt galaði fuglinn sá
Helgi Jónsson
Anna Margrét Marínósdóttir

PENNING

Eymundsson

Fimmtudagur

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Mannamál - Trausti Jónsson, veðurfræðingur** Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkt einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 19.30 Suðurnesja-magasin Vikurfrétt** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 19.00 Sir Arnar Gauti** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitinga-húsameningu, arkitektúr og margt fleira.
- 20.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 Mannamál Trausti Jónsson, veðurfræðingur** Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi.

RÚV Sjónvarp

- 11.00 Heimaleikfimi**
11.10 Kastljós
11.25 Menningin
11.35 Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988
12.35 Útsvar 2007-2008 Norður-íng - Reykjavík.
13.25 Fjarsjóður framtíðar II Ofbeldi, ferðapjónusta og náttúruöfl.
13.55 Út og suður
14.25 Veröld Ginu
14.55 Poppunktur 2010 Hellvar - Skriðjökklar.
15.50 Gulli byggir
16.20 Sporið
16.50 Neytendavaktin
17.20 Landinn
17.50 Táknálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Holly Hobbie
18.25 Lúkas í mörgum myndum
18.32 Tryllitæki
18.39 Nei sko! Svefn.
18.43 Hugarflug Stormur í glasi.
18.45 Krakkafréttir
18.50 Lag dagsins Running Wild. Flytjandi: Vök. Höfundur: Vök.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin Fjallað er á snarp-an og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífínu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu.
20.05 Tónatal Valdimar Guðmundsson.
21.05 Klofningur The Split
22.00 Tiufréttir
22.15 Veður
22.20 Bábýlon Berlín Babylon
23.25 Ófærð
00.10 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

- 08.35 European Tour** Útsending frá Alfred Dunhill Links Championship
14.00 LET Tour Bein útsending frá Dubai Moonlight Classic
17.00 2021 PGA Tour Champions Learning Center
17.30 PGA Tour Bein útsending frá Bermuda Championship
20.30 PGA Tour. The Cut
20.55 Champions Tour Highlights
21.50 LPGA Tour Útsending frá ShopRite LPGA Classic

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 Best Home Cook
16.05 Extreme Makeover. Home Edition
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 Heil og sæl? Léttir, skemmtilegir og fræðandi þættir um heilsu og lífsstíl íslenskra kvenna.
20.45 Missir
21.20 The Resident
22.10 Walker
22.55 Reprisal
23.40 The Late Late Show
00.25 Dexter
01.15 The Equalizer
02.00 Yellowstone Dutton-fjölskyldan á stærsta búgarð Bandaríkjanna en landareign fjölskyldunnar liggur upp að verndarsvæði indíána og fram undan er hatrömm barátta um peninga og völd.
02.45 The Handmaid's Tale
03.35 The Walking Dead
04.20 Tónlist

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi. átturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegjð Fyrri og seinni hluti
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegjð
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Sankti María, sestu á stein
15.00 Fréttir
15.03 Flakk - Flakk um byggingaarfleið
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hljómboxið Trommukjuðarnir mæta Básúnunum
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sinfóniukvöld. Á leið í tónleikasal
19.30 Sinfóniutónleikar
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir

Stöð 2 Bíó

- 11.35 Apollo 11**
13.10 The Kindergarten Teacher
14.45 Teen Spirit
16.15 Apollo 11
17.50 The Kindergarten Teacher
19.25 Teen Spirit
21.00 A Simple Favor
22.50 Greta
00.25 Replicas
02.10 A Simple Favor

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
08.20 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Divorce
09.50 Gilmore Girls
10.30 Ísskápastríð
11.05 Dýraspítalinn Við fylgjumst með eldklárum dýralæknum leysa hin ýmsu vandamál sem upp koma hjá fjölskylduvinum okkar þar sem baráttan er stundum upp á líf og dauða.
11.30 Modern Family
11.50 Friends
12.35 Nágrannar
12.55 God Friended Me
13.35 X-Factor. Specials - All stars
14.50 Home Economics
15.10 Allt úr engu Matriðslumaðurinn Davíð Örn Hákonarson mætir hér í frábærum þáttum um allt sem tengist mat og hvernig við getum nýtt hráefnið sem best og spornað við matarsóun í framhaldinu.
15.35 Drew's Honeymoon House
16.15 12 Puppies and Us
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkin
18.55 Ísland í dag
19.10 Patrekur Jamie. Æði
19.25 Temptation Island
20.10 Curb Your Enthusiasm
20.50 NCIS
21.35 Chucky
22.35 Real Time With Bill Maher
23.35 Ummerki
00.05 The Sinner
00.50 Dr. Death
01.45 Animal Kingdom
02.30 Wentworth
03.20 Beartown

Stöð 2 Sport


- 07.35 Skallagrimur - Njarðvík** Útsending frá leik í Subway deild kvenna í körfubolta.
09.15 Fjölnir - Grindavík
10.55 Njarðvík - Valur Útsending frá leik í Subway deild karla í körfubolta.
12.35 Subway Körfuboltakvöld
13.35 Skallagrimur - Njarðvík
15.15 Fjölnir - Grindavík
17.00 Subway Körfuboltakvöld
18.05 Þór Þ. - ÍR Bein útsending frá leik í úrvalsdeild karla í körfubolta.
20.05 Valur - Vestri Bein útsending frá leik í úrvalsdeild karla í körfubolta.
22.00 Tilþriffin
22.45 Subway Körfuboltakvöld
23.40 Þór Þ. - ÍR

Stöð 2 Sport 2

- 06.30 Burnley - Tottenham**
08.15 West Ham - Manchester City
09.55 Preston North End - Liverpool
11.35 Football League Show
12.00 Fréttabáttur Meistaradeildarinnar
12.25 Djurgården - Kristianstad
14.05 Burnley - Tottenham
15.45 West Ham - Manchester City
17.25 Preston North End - Liverpool
19.05 MoraBanc Andorra - Valencia Basket
20.40 The Fifth Quarter
21.00 NFL Gameday
21.25 Lokasóknin
22.00 Unicaja - Barca
23.35 The Fifth Quarter
23.50 NFL Gameday

larson®

- áklæðningar



Með samsettu Larson áklæðningunum frá Alucoil færð þú það sem þú ert að leita að - slétta og áferðafallega áklæðningu við hvaða aðstæður sem er.

Larson áklæðningarnar sameina styrk, léttleika og umfram allt eru þær sléttar.

Helstu kostir:

- Eldþolnar
- Léttar og sléttar
- Einstakt veður- og efnapól
- Burðarkerfi sem henta mismunandi verkefnum
- Hávaða- og hitaeinangrun
- Umhverfisvænar (endurvinnanlegt efni)
- Fjöldi lita og efnisáferða
- Allt að 20 ára ábyrgð

Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX
www.idex.is

IDEX

Víkurhvarfi 6 - 203 Kópavogur - Sími 412 1700 - idx@idex.is

Ólafur Ragnar Grímsson fjallar um barnæsku sína á Vestfjörðum og mótunarárin í Reykjavík í bókinni Rætur. Hann lýsir nýútíðinni í bókinni sem leit hans að sjálfum sér og segist hafa gengið í skrifin af ákveðnu miskunnarleysi.

Forsetinn fyrrverandi Ólafur Ragnar Grímsson settist við skriftir þegar heimsfaraldurinn braust út og nú hefur sú vinna skilað annarri bók, Rætur: Á æskulóðum minninga og mótunar, sem kemur í kjölfar bókarinnar Sögur handa Kára sem kom út í fyrra.

„Þetta er ekki ævisaga í venjulegum skilningi, frekar svona leit að sjálfum mér með því að skoða þennan unga dreng sem fæddist á Ísafirði og ólst þar upp og á Þingeyri og fór svo tíu ára til Reykjavíkur.

Jafnframt um allt þetta fólk, bæði fyrir vestan og svo hér í skólanum fyrir sunnan sem ól mig upp og hafði mikil áhrif á mig. „Þannig að í raun og veru má segja að bókinn sé svona tilraun til að svara spurningunni „Hver ert þú?“ og „Hvað hefur gert þig að þeim manni sem þú ert?““, segir Ólafur.

Svarlar forvitni dætranna

Ólafur Ragnar segir hugmyndina að bókinni hafa kviknað því að dætur hans, þær Guðrún Tinna og Svanhildur Dalla, hafi oft kvartað yfir því hversu lítið þær vissu um æsku og uppruna föður síns vestur á fjörðum.

„Svo þegar ég hafði lokið Sögum handa Kára og stóð frammi fyrir því hvað ég ætti nú að gera á morgnana þá ákvað ég nú að efna þetta loforð við dætur mínar en smátt og smátt varð bókinn í höndum mínum eins konar leit að sjálfum mér.

Ég ákvað að halda í þá leit með mjög opnum huga og ákveðnu miskunnarleysi og hlífa ekki sjálfum mér. Eins og sést víða í bókinni þá sit ég auðvitað 78 ára gamall með alla þessa löngu ævi að baki og fer að skoða þennan litla dreng og hvað hann gerði og hvað mótaði hann og þessi litlu samfélög fyrir vestan,“ segir Ólafur.

Yfði upp gamalt sár

Móðir Ólafs, Svanhildur Ólafsdóttir Hjartar, veiktist ung af berklum og var hann sendur aðeins þriggja ára gamall til afa síns og ömmu á Þingeyri þar sem hann dvaldi næstu sex árin.

Drengurinn sem átti eftir að verða forseti sá því móður sína afar lítið þar til hann var orðinn tíu ára gamall þegar fjölskyldan flutti suður. Ólafur segir það eðlilega hafa



Þorvaldur S. Helgason
thorvaldur@frettabladid.is

Ólafur Ragnar fór í miskunnarlausa leit að sjálfum sér

tekið á að skrifa um þessa atburði þótt meira en hálf öld sé liðin.

„Ég reyni að lýsa þessu sambandi við hana og þessari erfiðu glímu hennar og líka hvaða áhrif það hafði á mig að alast upp í skugga yfirvofandi dauða móður minnar.

Auðvitað tók það á að setjast niður meira en hálfri öld síðar og skoða þetta samband mitt við mömmu og reyndar líka pabba og horfa svo á sjálfan mig í þessu litla þorpi fyrir vestan og síðan samspilinu við skólafélagana hérna í Reykjavík.

Ég notaði engar heimildir þegar ég skrifaði bókina, ég byggði þetta bara á minni og því sem rifjaðist upp og það tók töluvert á að gera ýmsu skil.“

Skólalíf

Síðari hluti bókarinnar fjallar um skólagöngu Ólafs í Reykjavík, fyrst í Miðbæjarskólanum, svo í Lands-

prófsdeild og loks í Menntaskólunum í Reykjavík þaðan sem hann útskrifaðist með stúdentspróf 1962. Ólafur segist gera ítarlega grein fyrir skólalífínu í Reykjavík og þar koma við sögu ýmsar persónur sem síðar urðu áberandi í þjóðlífinu.

„Þetta er mikið persónugallerí. Þegar útgefandinn hafði tekið saman nafnalistann þá reyndust það vera tæplega 500 nöfn sem koma við sögu og margir af þeim urðu síðar þjóðþekktir og ég segi frá ýmsum ævintýrum okkar á yngri árum og brölti og skoðunum og samskiptum,“ segir hann.

Veröld sem var

Að sögn Ólafs er bókinn ekki síður merkileg sem samtímaheimild og lýsing á veröld sem var, eins og ein þekktasta endurminningabók sögunnar, sjálfsævisaga austurríska rithöfundarins Stefan Zweig, heitir.

„Smátt og smátt held ég að bókinn

Ólafur Ragnar lagðist í leit að sjálfum sér af einurð og festu í bókinni Rætur þar sem hann rekur æsku sína á Vestfjörðum og mótunarárin í Reykjavík þar sem skólafélagar hans í MR eru nokkuð frekir til fjörsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Smátt og smátt varð bókinn í höndum mínum eins konar leit að sjálfum mér. Ég ákvað að halda í þá leit með mjög opnum huga og ákveðnu miskunnarleysi og hlífa ekki sjálfum mér.

hafi líka orðið svona lýsing á veröld sem var, veröld sem er horfin, Íslandi sem er ekki lengur til og virkar ótrúlega framandi fyrir ungt fólk á þriðja áratug 21. aldarinnar.

Ég lýsi því til dæmis hvernig menningarlífið í Reykjavík var; sýningar Kjarvals í gamla Listamannaskólanum, Halldór Laxness í bókabúð Kron, Alfred Flóki og Thor Vilhjálmsson á Mokka, hvernig allt þetta var bara hluti af okkar upplifun. Sem og menningarfyribærir eins og Gríma og Filmía sem voru áhrifarík hér í leikhúslífi og kvikmyndum í kringum 1960.

Þannig að þó að þorpið á Þingeyri hafi mótað mig mikið þá er þetta líka á vissan hátt lýsing á þorpinu Reykjavík þar sem öll okkar umsvif krakkanna í skólanum við Lækjargötu fóru fram í næsta nágreinni.“

Þannig að það var ekki síður menning en pólitik sem hafði áhrif á þig á uppvaxtarárunum?

„Já, ég lýsi því nokkuð ítarlega að við skólafélagarnir í Menntaskólanum höfðum nánast engan áhuga á stjórnmálum, við vorum uppteknir við menningu, bókmenntir, listir og æðri þjóðmál eins og við kölluðum það. Ég lýsi því til dæmis hvernig okkur fannst sjálfsagt að bjóða Halldóri Laxness og Sigurbirni Einarsyni biskup í heimsókn til okkar í Menntaskólann og setja þá bara á bekk og spyrja þá spjörnum úr.“

Heldurðu að þú munir skrifa fleiri bækur um fullordinsárin eða efri árin síðar meir?

„Það verður nú bara að koma í ljós. Ég byrjaði á þessu föndri þegar faraldurinn skall á af því þá gat ég ekki lengur ferðast um heiminn til að efla Hringborð norðurslóða og sinna loftslagsbreytingum og efla hreina orku. Þetta hefur hins vegar verið ánægjuleg iðja og ég hef haft mjög gaman af þessu og það er aldræi að vita nema ég haldi áfram.“ ■

BLÖÐIN á frettabladid.is

Vantar þig blaðið í dag, í gær eða helgarblað frá því í sumar?

» Á frettabladid.is finnur þú Fréttablaðið í dag og safn eldri blaða undir flípanum Blöðin

Lestu Fréttablaðið þegar þér hentar á frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ.IS



HREKKJAVAKAN ER KOMIN Í PARTYBÚÐINA!

HREKKJAVÖKUOPNUN:

Mið 27.- föst. 29. okt: 10-21

Lau. 30. okt: 11-21

Sun. 31. okt: 11-18

**Þurrís til sölu
fös. lau.
og sun.
eða meðan
birgðir endast**

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Afmælisveisla



Sealy **HYATT** heilsurúm m/classic botni



AFMÆLIS
20%
AFSLÁTTUR
af dýnu og 10%
af botni.

Sealy Hyatt heilsudýnan er sérstaklega framleidd fyrir Hyatt lúxus hótélkeðjuna um heim allan. Hún er gerð úr Posturpedic gormakerfi sem Sealy hefur þróað í mörg ár. Aðaláherslan í þróun á þessu gormakerfi er líkamsstaðan. Þrjú mikilvægustu punktarinnir í þróuninni voru stuðningur, þægindi og ending. Sealy Hyatt dýnan veitir líkamanum fullkominn stuðning. Það er 6 mismunandi svamlög í dýnunni og þau ásamt náttúrulegum trefjum og þykkum toppi gera það að verkum að þú hvílirst fullkomlega og snýrð þér mun minna en í venjulegri gormadýnu. Dýnan er með Oek-Tex vottun um að engin skaðleg efni eru í dýnunni.



Stærð í cm	Fullt verð m/Classic botni og löppum	Afmælisverð m/ botni og löppum
Sealy Hyatt 140x200	241.900 kr.	198.020 kr.
Sealy Hyatt 160x200	265.900 kr.	217.720 kr.
Sealy Hyatt 180x200	289.900 kr.	237.420 kr.
Sealy Hyatt 180x210	304.900 kr.	249.920 kr.
Sealy Hyatt 192x203	309.900 kr.	253.920 kr.
Sealy Hyatt 200x200	318.900 kr.	261.620 kr.



AFMÆLIS
20%
AFSLÁTTUR

DORMA LUX heit dúnsæng

Dásamleg, heit dúnsæng frá Quilts of Denmark. Stærð: 140x200 cm. 800 g. 90% hreinn andadúnn. 10% smáfiður. Má þvo á 60°C en það er hitastig sem rykmaurar þola ekki - því er gott að nota sæng sem þolir þennan þvottahita ef um rykofnæmi er að ræða. Fullt verð: 29.900 kr.

Aðeins **23.920 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.
Tilboðin gilda í vefverslun til og með 31. október 2021 eða á meðan birgðir endast.
www.DORMA.is

Lýkur um helgina

AFMÆLIS
20%
AFSLÁTTUR



HOUSTON hornsófi

Bonded leður. Stærð: 275 x 210 x 85 cm. Einnig hægt að fá 2,5 og 3ja sæta sófa. Fullt verð: 249.900 kr.

Aðeins **199.920 kr.**



DANA DREAM stillanlegur koddur

Þægilegur dúnkoddur frá Quilts of Denmark. Dúnlag og svo stillanlegur með svampfyllingu. Áklæðið er úr 100% bómull. Stærð: 50x70cm. Fullt verð: 18.900 kr.

Aðeins **12.852 kr.**



LICATA tungusófi

Tungusófi í tveimur litum af Kentucky áklæði, koniaksbrúnum og steingráum og einnig í River 66 Graphite áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 265 x 165 x 82 cm. Fullt verð: 244.900 kr.

Aðeins **183.675 kr.**

AFMÆLIS
25%
AFSLÁTTUR



ULTRA COOLING koddur

Vandað, kælandi áklæði umlykur Ultra Cooling koddann. Stærð: 40x60cm. Sveigjanlegur Visco koddur sem lagar sig að háls- og höfuðsvæði þínu og léttir á þrýstingi. Fullt verð: 9.900 kr.

Aðeins **6.930 kr.**



Nature's LUXURY heilsurúm með Classic botni

Frábær heilsudýna með yfirdýnu fyrir enn betri hvíld.

Natures Luxury er frábær heilsudýna með 20cm háum pokagormum sem eru svæðaskiptir, til að halda náttúrulegri sveigju í líkama okkar á meðan við sofum. Dýnan er samsett úr 5 lögum af mismunandi svampi með 4 cm minnisvampi sem aðlagast fullkomlega að líkamanum. Hæð Natures Luxury er 33 cm, en þar af er þykk yfirdýna sem gerir dýnuna einstaklega þægilega. Natures Luxury er með vönduðu áklæði sem andar einstaklega vel. Dýnan er millistíf en aukalögin af svampinum gefa sérstaka lúxustilfinningu þegar lagst er í hana. Natures Luxury er tilvalin á venjulegan botni sem og í stillanleg rúm.

Sérlega vönduð gormadýna.

AFMÆLIS
30%
AFSLÁTTUR
af dýnu og 10%
af botni.

Stærð í cm	Fullt verð m/Classic botni og löppum	Afmælisverð m/ botni og löppum
Luxury 80x200	120.900 kr.	91.230 kr.
Luxury 90x200	124.900 kr.	94.430 kr.
Luxury 90x210	127.900 kr.	96.930 kr.
Luxury 100x200	128.900 kr.	97.630 kr.
Luxury 120x200	134.900 kr.	102.630 kr.
Luxury 140x200	144.900 kr.	110.430 kr.
Luxury 160x200	164.900 kr.	125.430 kr.
Luxury 180x200	184.900 kr.	140.430 kr.



AFMÆLIS
20%
AFSLÁTTUR AF SPA
HANDKLÆÐUM

DORMA

Láttu drauminn rætast

Bakþankar

Kolbeins
Marteinssonar

Ævintýri líkast

Við þekkjum flest söguna um Hans og Grétu úr Grímsævintýrum. Einstæður tveggja barna faðir tekur saman við vonda konu. Í landinu ríkir mikil hungursneyð svo úr verður að faðirinn fer með börnin út í skóg og skilur þau þar eftir að áeggjan nýju eiginkonunnar.

Þar sem börnin ráfa um svöng og köld verður á vegi þeirra hús gert úr piparkökum. Þau fara strax að narta í húsið og eldri kona kemur til dyra. Eftir að hafa boðið þeim inn læsir hún Hans í búi því hún ætlar að fita hann og éta síðar. Sagan endar svo með því að börnin blekkja nornina til að fara inn í ofninn sem þau loka síðan og brenna hana lifandi. Andarungi hjálpar svo börnunum að rata heim þar sem vonda stjúpan er nú dái. Faðirinn og börnin lifa hamingjusöm til æviloka.

Árið 1963 kom út í Þýskalandi bókin Sannleikurinn um Hans og Grétu eftir Hans Traxler. Í bókinni er skoðað hvort ævintýrið gæti verið byggt á sönnum atburðum. Samkvæmt bókinni voru haldin réttarhöld yfir þýskum systkinum sem hétu Hans og Gréta árið 1647. Þau voru ákærð fyrir að hafa myrt farsælan bakara, Katarínu að nafni, sem bakaði landsfrægar piparkökur. Hans sem einnig var bakari hafði fyrst reynt að giftast Katarínu til að komast yfir piparkökuuppskrift hennar. Eftir að hún hafnaði honum varð niðurstaða systkinanna sú að best væri að myrða hana og síðan brenna í ofni. Sagan um Hans og Grétu er því saga um siðlaus systkini sem myrtu saklausa konu og áttu ekkert gott skilið. Bók Traxler fékk mikla athygli þegar hún kom út og var hún þýdd á fjöldamörg tungumál. Það kom höfundí mjög á óvart hversu mikil viðbrögð bókin fékk því hún var að sjálfsögðu rétt eins og ævintýrið hreinn uppspuni. ■

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

BYKO

Undirbúningur
jólanna hefst
í BYKO

Fizzy ljósahringur 45cm, 50 ljós, brass 6.495 kr. | vnr. 51881187

Þú finnur
blaðið
okkar
á byko.is

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Öll innimálning 25% • Parket 25% • Flísar 25% Borðplötur 30% •
Valdar Grohe vörur 20-30% • Valin inniljós 25% • Valin útiljós 20%
Valdar baðplötur 30% • Valdar innihurðir 20%